allt

Margrét Pétursdóttir:
Virkjar nýjar heilastöðvar
• heilsa • nám
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

Hrafn Gunnlaugsson:
Gefur út DVD-disk á alþjóða vísu
• hrafninn flýgur í sjóræningjaútgáfu
SÍÐA 36 ▶

Janúartilboð
fylgir blaðinu í dag!
Office 1 Superstore

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. janúar 2005 – 10. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 VÍSIR

MIÐVIKUDAGUR

STJÓRNVÖLD AÐHAFAST EKKI VEGNA KLÓRVERKSMIÐJU Umhverfisráðuneytið telur ekki ástæðu til að aðhafast vegna vinnslu klórs í Kópavogi án starfsleyfis á þessu stigi málsins. Ráðuneytisstjóri segir að treysta verði Heilbrigðiseftirliti bæjarins til að tryggja öryggi íbúa svæðisins. **Sjá síðu 2**

SKATTSKYLDAN ER TVÍMÆLALAUS Ríkisskattstjóri telur engan vafa á því að portúgalskir leigustarfsmenn eigi að borga skatta hér. Impregilo segist hafa borgað 130 milljónir í skatt vegna þessara starfsmanna og vill fá þá peninga til baka. Fyrirtækið hefur áfrýjað til Yfirskattanefndar. **Sjá síðu 4**

GEÐSJÚKIR RIFNIR UPP MEÐ RÓTUM Arnarholti verður lokað um næstu mánaðamót. Aðstandandi sjúklings þar segir það ómannúðlegt að fólkið skuli rifið upp með rótum og flutt annað, í sparnaðarskyni, jafnvel til bráðabirgða. Enn er eftir að flytja 18 manns af 30. **Sjá síðu 6**

VEÐRIÐ Í DAG

BJARTVIÐRI SUÐVESTAN TIL Snjókoma eða él norðan og norð-austan til. Frost 0-8 stig, kaldast til landsins. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG

KÖRFUBOLTALEIKUR 1. deildarlið Njarðvíkur og Grindavíkur í körfuknattleik kvenna eigast við í Njarðvík klukkan 19.15.

Kvikmyndir	30	Myndlist	28
Tónlist	28	Íþróttir	24
Leikhús	28	Sjónvarp	32

20
DAGAR EFTIR AF JANÚARTILBOÐI TOYOTA
Yaris 1,0 Terra, 5 dyra
Tilboðsverð
1.269.000 kr.
TODAY TOMORROW TOYOTA

Alþjóðlegur þrýstingur á Impregilo

Fulltrúar ítölsku verkalýðsfélaganna og Alþjóða byggingasambandsins koma til Íslands um miðja næstu viku til að styðja íslenska verkalýðshreyfingu. Reynt verður að ná alþjóðlegu samkomulagi við Impregilo líkt og dæmi eru fyrir við önnur alþjóðleg fyrirtæki.

KÁRAHNJÚKAR Fulltrúar ítölsku verkalýðsfélaganna og Alþjóða byggingasambandsins koma til Íslands í næstu viku til að styðja íslenska verkalýðshreyfingu og kynna sér aðstæður og aðbúnað starfsmanna á Kárahnjúkum. Alþjóðlega sendinefndin fer beint að Kárahnjúkum og sest svo á fund með fulltrúum íslensku verkalýðshreyfingarinnar á föstudag.

Tilgangur fundarins er að fá „siðferðilegan stuðning, afla skilnings Ítalanna á því hvað er í gangi á Kárahnjúkum og hugsanlega reyna að ná alþjóðlegu samkomulagi við Impregilo því að Impregilo starfar ekki bara hér á landi. Þetta er alþjóðlegt fyrirtæki," segir Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins.

Rafiðnaðarsambandið, Samiðn og Starfsgreinasambandið eru félagar í norrænu, evrópsku og alþjóðlegu byggingasamböndunum. Í þessum samböndum eru líka systurfélög þessara sambanda á Ítalíu. Guðmundur er í stjórn evrópska sambandsins og formaður Samiðnar er í stjórn norræna sambandsins og hafa þeir unnið að þessum fundi.

„Í gegnum þessi sambönd hefur starfsfólk sambandanna í Sviss verið beðið um að ræða við ítölsku systurfélögin og kanna hvort hægt væri að komast í færi við Impregilo á heimavelli og ná samningi við það. Þá er verið að velta fyrir sér samstarfssamningi á alþjóðlegum grundvelli. Við erum með svoleiðis samninga, t.d. við Ikea og Skanska og ýmis stærri fyrirtæki sem eru með alþjóðlega starfsemi. Við viljum kanna hvort hægt sé að fá Impregilo til að ræða við okkur á þessum nótum."

Guðmundur segir að talsmenn Impregilo hafi „látið líklega niðri á Ítalíu en við ætlum að fá fulltrúa verkalýðsfélaganna hingað til að sjá með eigin augum hvað við erum að tala um." Glíman við Impregilo hafi verið heilmikil, aðeins toppurinn á ísjakanum hafi birst í fjölmiðlum.

Sjá bls. 4.
- ghs

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LÖGREGLAN GENGUR UM BORÐ Tveir skipverjar á Hauki ÍS hafa verið úrskurðaðir í sex mánaða gæsluvarðhald í Þýskalandi. Skipið lagði að bryggju í Hafnarfirði á ellefta tímanum í gærkvöldi.

Handteknir í Þýskalandi:

Fíkniefni á leið til Íslands

FÍKNIEFNI Tveir íslenskir sjómenn hafa verið úrskurðaðir í sex mánaða gæsluvarðhald í Þýskalandi. Í klefum mannanna, sem eru skipverjar á Hauki ÍS, fundust þrjú og hálft kíló af kókaíni og svipað magn af hassi við fíkniefnaleit í síðustu viku.

Mennirnir gætu átt allt að fimmtán ára fangelsi yfir höfði sér. Ljóst er að efnin áttu að fara á markað hér á landi. Skipið var rétt ófarið frá Bremerhaven í Þýskalandi þegar leitin var gerð og ekki stóð til að skipið myndi hafa viðkomu í öðrum höfnum á leið sinni til Íslands.

- hrs
Sjá nánar bls. 2

Ísraelska þingið veitir nýrri stjórn brautargengi:

Abbas og Sharon samþykkja að hittast

MIÐ-AUSTURLÖND Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, og Mahmoud Abbas, nýkjörinn forseti heimastjórnar Palestínu, ræddust við í síma í gær og samþykktu að funda saman innan skamms. Þó engin dagsetning hafi verið ákveðin er búist við því að fundur þeirra verði haldinn innan hálfs mánaðar.

Sharon hringdi í Abbas í gær til að óska honum til hamingju með sigurinn í kosningunum á sunnudag. Fyrr um daginn hafði Sharon sagt stjórn sinni að hann ætlaði sér að hitta Abbas fljótlega og sagði þeim að markmiðið væri að flýta fyrir nokkrum málum, einkum því að Palestínumenn bindu enda á hryðjuverk gegn Ísraelum.

Ný ríkisstjórn Sharons, með þátttöku Verkamannaflokksins og nokkurra flokka strangtrúaðra gyðinga, hlaut samþykki þingsins í gær, en með naumindum þó. 58 þingmenn lýstu stuðningi við stjórnina en 56 andstöðu. Meðal þeirra sem greiddu atkvæði gegn stjórninni voru þrettán þingmenn Likud-bandalags Sharons. ■

AFTUR SAMAN Í STJÓRN Ariel Sharon og Shimon Peres sátu ríkisstjórnarfund í gær. Þeir hafa áður setið saman í stjórn en hún sprakk.

ÚTSALA
Allt að 70 afsláttur
BYKO
BYGGIR MEÐ ÞÉR

SPURNING DAGSINS

Guðjón Ólafur, verður þetta „Amazing Race“ um fyrsta sæti flokksins í borginni?

Þetta verður æsispennandi eins og alltaf hjá okkur framsóknarmönnum.

Guðjón Ólafur Jónsson, varaþingmaður Framsóknarflokksins, segir á vefnum Hriflu.is að ferill Alfreðs Þorsteinssonar, leiðtoga framsóknarmanna í borginni, sé senn á enda. Þróun borgarmálanna hafi valdið honum vonbrigðum. Styrkur Alfreðs sé mikill en vinsældirnar ekki eftir því.

Klórverksmiðja Mjallar-Friggjar í Kópavogi:

Ekki talin ástæða til afskipta

KLÓRGAS Umhverfisráðuneytið telur ekki ástæðu til að aðhafast vegna vinnslu klórs í Kópavogi án starfsleyfis á þessu stigi málsins. Ráðuneytisstjóri segir að treysta verði Heilbrigðiseftirliti bæjarins til að tryggja öryggi íbúa svæðisins.

Guðmundur H. Einarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, segir heilbrigðiseftirlitið ekki hafa fylgst með hvort Mjöll-Frigg hafi klárað klórgasbirgðir sínar sem það fékk leyfi til. Hætta á umhverfisslysi sé lítil sem engin eftir að þrýstingi sé létt af klórgasinu sem tilheyri framleiðslunni, nema ef gat komi á kerin sem geymi gasið. Hvort og hve mikið sé eftir af klórgasinu viti þeir því ekki.

ÞÓR ÁSGEIRSSON
Bæjarfulltrúi Samfylkingar sagði vinnubrögð í verksmiðju Mjallar-Friggjar frumstæð á bæjarstjórnarfundi í Kópavogi.

Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins, segir að komi fram ábendingar um að heilbrigðiseftirlitið sé ekki starfi sínu vaxið geti Umhverfisstofnun beitt sér í málinu. Þeir hafi verið fullvissaðir um af hálfu heilbrigðiseftirlitsins að engin hætta sé á ferðum.

Forsvarsmenn Mjallar-Friggjar hitta bæjarráð Kópavogs á fimmtudag. Bæjarráð vill heyra í þeim áður en framhaldið verði ákveðið. **- gag**

Járnblendifélagið:

Ósamið um örfá atriði

KJARAMÁL Ákveðið hefur verið að fresta kjaraviðræðum samninganefnda eigenda og starfsmanna Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga í nokkra daga.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness sem um 90 prósent starfsmanna eiga hlut að, segir örfá atriði standa út á borðinu: „Það er einlæg von mín að það takist að leysa þetta farsællega sem fyrst.“

Samninganefndirnar hafa fundað stíft frá októberbyrjun. Búist er við að ríkissáttasemjari boði samninganefndirnar á fund síðar í vikunni. **- gag**

Kristall Plús:

Ölgerðin kærir

NEYTENDAMÁL Ölgerð Egils Skallagrímssonar hefur kært úrskurð Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur vegna banns við dreifingu á drykknum Kristal Plús.

ANDRI ÞÓR GUÐMUNDSSON
Forstjóri Ölgerðarinnar.

Fram kemur í kærunni ekki sé séð að tugir innfluttra vítamínbættra drykkja hafi fengið leyfi. Þá kemur fram að Umhverfis- og heilbrigðisstofa hafi ekki verið falið að veita leyfi til notkunar bætiefna, né grípa til aðgerða sé ekki sótt um slíkt leyfi. Þá nái reglugerðin sem vísað er til vegna umsóknarinnar ekki yfir þau aukaefni sem er að finna í Kristal Plús. Því sé bannið brot á jafnræðisreglu og áskilur Ölgerðin sér rétt til að krefja Reykjavíkurborg um skaðabætur vegna banns á dreifingu drykkjarins. **- ss**

BANDARÍKIN

SÍÐUSTU BRETUNUM SLEPPT
Bandarísk stjórnvöld hafa ákveðið að sleppa fjórum síðustu bresku föngunum sem haldið er í fangabúðunum í Guantanamo. Ákvörðunin var tekin í kjölfar margra mánaða langra viðræðna breskra og bandarískra stjórnvalda. Svo kann að fara að breska lögreglan handtaki menninna þegar þeir snúa heim.

RÁÐHERRA HEIMAVARNA
George Bush hefur tilnefnt Michael Chertoff, dómara við áfrýjunardómstól, sem nýjan ráðherra heimavarna. Chertoff hefur verið einn helsti ráðgjafi Bush í stríðinu gegn hryðjuverkum. Hann tekur við starfinu af Tom Ridge.

Gætu fengið fimmtán ára dóm

Tveir skipverjar Hauks ÍS hafa verið úrskurðaðir í sex mánaða gæsluvarðhald í Þýskalandi. Tuttugu til þrjátíu tollverðir og lögreglumenn með fíkniefnaleitarhunda gerðu innrás í skipið í Bremerhaven.

FÍKNIEFNI Tuttugu til þrjátíu manns úr þýska tollinum og lögreglunni með tvo fíkniefnaleitarhunda gerðu leit í Hauki ÍS-847 á fimmtudagskvöldið í síðustu viku og fundu um þrjú og hálft kíló af kókaíni og svipað magn af hassi. Fíkniefnin fundust falin í klefa tveggja skipverjanna en þeir eru 38 og 50 ára. Þeir voru handteknir og úrskurðaðir í sex mánaða gæsluvarðhald í framhaldinu.

Ljóst er að efnin áttu að fara á markað hér á landi þar sem skipið var rétt ófarið frá Bremerhaven í Þýskalandi þegar leitin var gerð og ekki stóð til að skipið myndi hafa viðkomu í öðrum höfnum á leið sinni til Íslands. Mennirnir gætu átt fimmtán ára fangelsi yfir höfði sér verði þeir fundnir sekir. Einn skipverja Hauks ÍS sagði áhöfnina vera slegna yfir málinu í samtali við Fréttablaðið. Skipið hefur verið á karfaveiðum fyrir Þýskalandsmarkað og var að koma karfanum til kaupenda þar í landi. Stoppað var í sólarhring til að landa aflanum og rétt áður en halda átti úr höfn gerðu lögreglan og tollur innrás í skipið. Skipverjinn segir að eftir að fíkniefni fundust hafi verið gerð leit víðar um skipið en ekkert fundist. Mennirnir tveir voru handteknir en restin af áhöfninni fékk leyfi til að fara úr landi eins og til stóð. Haukur ÍS hóf aftur veiðar í október en fyrir þann tíma hafði skipið ekki verið á veiðum um nokkurn tíma. Mennirnir tveir hafa báðir verið í áhöfninni frá því í október. Viðmælandi blaðsins segir mennina ósköp venjulega og hafi ekki borið með sér að þeir að þær væru líklegir fíkniefnainnflytjendur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HAUKUR ÍS 847
Skipið lagði að bryggju í Hafnarfirði um klukkan tíu í gærkvöldi. Áhöfnin fékk að halda til Íslands á fimmtudagskvöld en lenti meðal annars í óveðri í Norðursjó sem tafði för þeirra til landsins.

Þýska lögreglan hefur rannsóknina alfarið undir sínum höndum og ekki liggur fyrir hvort lögregla hér á landi mun koma að rannsókn málsins enda verst lögreglan í Reykjavík frétta af málinu. **hrs@frettabladid.is**

Reynishverfi við Vík:

Átta af níu komnir heim

SNJÓFLÓÐ Snjóflóðahættu í Reynishverfi við Vík í Mýrdal hefur að hluta verið aflétt. Heimilisfólki á bæjunum Lækjarbakka og Reyni hefur verið leyft að snúa heim.

Aðalvarðstjóri lögreglunnar í Vík, Alexander Alexandersson, segir ábúanda á bænum Görðum hafa fengið tilmæli um að gista að heiman þar sem spáin hafi ekki verið nógu hagstæð. Alls eru sex bæir í Reynishverfi við Vík. Íbúum þremur þeirra, níu manns, var gert að yfirgefa bæina á mánudag. **- gag**

Kópavogur:

Stjórinn á fyrsta fundi

SVEITARSTJÓRNARMÁL Hansína Björgvinsdóttir sat sinn fyrsta fund sem bæjarstjóri í bæjarstjórn Kópavogs í gær.

HANSÍNA BJÖRGVINSDÓTTIR

Fulltrúar bæjarstjórnarinnar óskuðu henni til hamingju áður en tekist var á um bæjarmálin. Málefni klórverksmiðju Mjallar-Friggjar, sem hóf starfsemi í bænum án tiltekinna leyfa, bar hæst á fundinum. Auk þess voru ræddar almenningssamgöngur í nýjum hverfum bæjarins, ásamt fleiru. **- gag**

RÍKISSTJÓRNIN

DAVÍÐ Í FRÍ Davíð Oddsson flaug til útlanda í fyrradag en þá hóf hann mánaðarleyfi frá störfum utanríkisráðherra. Í forföllum hans mun Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra gegna störfum utanríkisráðherra.

Stuðningshópur Bobbys Fischer:

Ætla að þrýsta á um svör frá Japan

STJÓRNMÁL Japanska dómsmálaráðuneytið gefur ekki upp hvenær niðurstöðu sé að vænta í skoðun þess á máli skákmeistarans Bobbys Fischer.

Sæmundur Pálsson, fyrrverandi lögreglumaður og vinur Fischers, segir lítið annað að gera en að bíða niðurstöðu ráðuneytisins og telur óráðlegt að halda til Japan til að sækja Fischer fyrr en eftir að hún liggur fyrir. „Mér finnst ólíklegt að það myndi setja einhvern þrýsting á stjórnvöld þar þótt við færum til að sækja hann,“ segir hann.

Stuðningshópur Fischers hér heima fundaði í gær um leiðir til að koma hreyfingu á málið. Ákveðið var að leggja spurningar fyrir japönsk stjórnvöld varðandi varðhald Fischers og verða þær afhentar sendiráði Japans hér.

„Það er enda óeðlilegt að halda manninum svona lengi. Núna 13. janúar verður þetta komið í hálft ár,“ segir Sæmundur og bætir við að varðhaldið hafi slæm áhrif á heilsu Fischers. „Hann þjáist af höfuðverk og fær ekki að fara út nema 45 mínútur á dag, fimm sinnum í viku.“ **- óká**



SÆMUNDUR PÁLSSON
Sæmundur, vinur skákmeistarans Bobbys Fischer sem setið hefur í haldi í Japan í tæplega hálft ár, segir standa til að þrýsta á um svör frá japönskum yfirvöldum um hvort Fischer verði heimiluð Íslandsför, en hann er eftirlýstur í Bandaríkjunum.

„Ég er til í að vinna fyrir 900 kr. á mánuði“

Það kostar aðeins 900 krónur á mánuði að taka þátt í Happdrætti Háskólans sem skilaði 780 milljónum króna til miðaeigenda í fyrra. Hæsti vinningur ársins var 36 milljónir króna en alls voru 224 miðar dregnir út með vinning sem var ein milljón eða meira.

Þú þarft bara að hringja eitt símtal eða að fara á vefinn til að eignast miða.
Við fylgjumst með miðanum fyrir þig og látum þig vita þegar þú vinnur.

Fáðu þér miða í síma 800 6611 eða á www.hhi.is

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

GOTT FÓLK McCANN

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 11.01.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	63,03	63,33
Sterlingspund	GBP	118,38	118,96
Evra	EUR	82,91	83,37
Dönsk króna	DKK	11,14	11,21
Norsk króna	NOK	10,09	10,15
Spænsk króna	SEK	9,18	9,23
Japanskt jen	JPY	0,61	0,61
SDR	XDR	96,02	96,60

Gengisvísitala krónunnar
113,66 -0,14%
Heimild: Seðlabanki Íslands

Impregilo:

Ráðuneytisstjórar skoða gagnrýni

KÁRAHNJÚKAR Ákveðið hefur verið í ríkisstjórn að láta alla ráðuneytisstjórana í stjórnarráðinu fara yfir stöðu mála á Kárahnjúkum og gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar og gera tillögur um það hvort og þá hvað mætti færa til betri vegar.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra lagði fram minnisblað á ríkisstjórnarfundi í gærmorgun og var þar með hugleiðingar um stöðu mála við Kárahnjúka. Hann segir að hvort sem ábendingar og ávirðingar séu réttar eða ekki þá snúi þetta að nánast öllum ráðuneytum.

„Þarna vilja menn fara ofan í það hverju er verið að kvarta undan, á það rétt á sér og hvernig er rétt að bregðast við því," segir Árni.

Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins leiðir nefndina. Enginn tímarammi var settur en umræðurnar í ríkisstjórninni voru þannig að búast má við að kraftur verði settur í málið. Niðurstöðu er hugsanlega að vænta í lok vikunnar.

Félagsmálaráðherra hefur fengið greinargerð frá ASÍ um Impregilo og tekur sér nokkra daga í að skoða það mál. **- ghs**

ÁRNI MAGNÚSSON
Félagsmálaráðherra tekur sér nokkra daga í að fara yfir greinargerð ASÍ um Impregilo.

Snjóflóð í Súðavík:

Minnast þeirra sem fórust

SNJÓFLÓÐ Næsta sunnudag verða liðin tíu ár frá því að fjórtán manns biðu bana í Súðavík þegar snjóflóð féll á bæinn. Af þessu tilefni verður haldin minningarguðsþjónusta í íþróttahúsinu í Súðavík og hefst hún klukkan tvö á sunnudaginn.

Í tilkynningu Súðavíkurhrepps og sóknarnefndar Súðavíkur segir að viðstöddum verði boðið að tendra á kertum við athöfnina til minningar um hina látnu. Við athöfnina þjóna prestarnir Valdimar Hreiðarsson og Magnús Erlingsson. **- óká**

Forseti Sambíu:

Ég brást þjóðinni

SAMBÍA Levy Mwanawasa, forseti Afríkuríkisins Sambíu, sagðist í viðtali við BBC hafa brugðist þjóð sinni. Hann ætlar þó ekki að segja af sér. „Því miður gerðu Sambíumenn mistök með því að kjósa mig forseta, þeir sitja uppi með mig," sagði hann í viðtalinu.

Mwanawasa hét því í kosningabaráttu sinni að berjast gegn fátækt. „Það hefur reynst ómögulegt að draga úr fátækt og mér þykir það leitt," sagði Mwanawasa og bætti því við að það væri eitt af því sem hann hefði brugðist þjóð sinni í. Hann sagðist þó ætla að vinna að því að bæta hag almennings fram að kosningum á næsta ári. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

BÍLL ÚT AF Í HÁLKU Lögreglan á Blönduósi aðstoðaði ökumann í gær eftir að bíll hans hafði farið út af veginum við brúna yfir Miðfjarðará rétt hjá Hvammstanga. Engin slys urðu á fólki, en bíllinn var mikið skemmdur. Mikil hálka var á vettvangi.

ÖLVUNARAKSTUR Lögreglan á Dalvík stöðvaði ökumann í gærkvöldi sem grunaður er um ölvun við akstur. Að sögn lögreglu er afar óalgengt að menn séu gripnir við slíkt á mánudagskvöldum.

ÍKVEIKJA VIÐ SELJASKÓLA Kalla þurfti á slökkvilið í gær þegar eldur kviknaði í gám við Seljaskóla í Breiðholti. Að sögn slökkviliðsins var um íkveikju að ræða.

UMFERÐARÓHÖPP Í KEFLAVÍK Tvö umferðaróhöpp urðu í Keflavík í gær. Einn aðili var fluttur á sjúkrahúsið til skoðunar, en fékk fljótlega að fara heim aftur.

Afdráttarlaus skattskylda gildir fyrir alla

Ríkisskattstjóri telur engan vafa á því að portúgalskir leigustarfsmenn eigi að borga skatta hér. Impregilo segist hafa borgað 130 milljónir í skatt vegna þessara starfsmanna og vill fá þá peninga til baka. Fyrirtækið hefur áfrýjað til Yfirskattanefndar.

VINNUMARKAÐUR Enginn vafi leikur á því að portúgalskir leigustarfsmenn Impregilo eigi að borga skatta á Íslandi. Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri segir að almennar reglur skattalaganna gildi og engin tvímæli séu um það.

„Takmörkuð skattskylda gildir fyrir alla aðra en þá sem eru búsettir hér á landi meirihluta ársins. Allir sem dvelja hér á landi og hljóta laun fyrir störf sín skulu greiða tekjuskatt, þar með taldir leigustarfsmenn sem eru hér í stuttan tíma," segir Indriði.

INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON
Ríkisskattstjóri segir að allir sem starfa á Íslandi eigi að greiða tekjuskatt.

„Þetta ákvæði laganna er býsna afdráttarlaust og maður skilur ekki hvernig nokkrum manni dettur í hug að halda að maður sem þiggur laun fyrir störf sem unnin eru hér á landi sé ekki skattskyldur," segir hann.

Tvísköttunarsamningar við Portúgala koma ekki til framkvæmda fyrr en frá og með árinu í ár. Indriði segir að þeir hafi engin áhrif á skattskyldu leigustarfsmannanna nema í undantekningartilvikum, þ.e. ef þeir vinna hér dag og dag. Sú regla gildi ekki um portúgölsku starfsmennina.

Skattayfirvöld hafa áætlað skatt á Impregilo og segir Ómar R. Valdimarsson, talsmaður fyrirtækisins, rangt að fyrirtækið skuldi skatta upp á hundruð milljóna. Hann segir að fyrirtækið hafi gert upp skuldir við skattyfirvöld að fjárhæð 130 milljónir króna. Greiðslan hafi átt sér stað í gegnum portúgölsku starfsmannaleigurnar Nett, sem hafi greitt 70 milljónir, og Select, sem hafi greitt 60 milljónir til skattyfirvalda. Þær hafi síðan rukkað Impregilo um þessar upphæðir.

VIÐ KÁRAHNJÚKA
Talsmaður Impregilo segir að fyrirtækið hafi greitt 130 milljónir í skatta. Greiðslan hafi átt sér stað í gegnum portúgölsku starfsmannaleigurnar Nett og Select.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Impregilo hafi aðeins greitt skatt fyrir hluta starfsmannanna.

Impregilo er ósammála því að portúgalskir starfsmenn eigi að greiða skatt hér á landi og telur sig eiga endurkröfurétt á hendur skattyfirvöldum. Málinu hefur verið áfrýjað til Yfirskattanefndar og er von á úrskurði nefndarinnar síðar í þessum mánuði.

ghs@frettabladid.is

Veðrið

EINNA BESTA VEÐRIÐ Í BORGINNI
Það er allhvass eða hvass vindur af norðvestri um austanvert landið framan af degi en mun hægari vestan til. Bjart með köflum syðra en él á Norðurlandi og eitthvað suður með landinu. Á morgun eru hlýindi væntanleg þegar líður á síðdegið eða annað kvöld og þá með hvassri suðaustan átt um sunnan- og vestanvert landið. Það hvessir um allt land aðra nótt. En semsagt annað kvöld verður komin rigning í höfuðborginni og sunnan og vestan til.

Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

Í dag



Á morgun



Hvassviðri síðdegis sunnan og vestan til. Víða hvasst um kvöldið.

Föstudagur



Hæglætisveður.

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	9°C	skýjað	Frankfurt	10°C	skýjað-skúr	Torrevieja	17°C	heiðskírt
Osló	4°C	léttskýjað	Prag	8°C	alskýjað	Róm	14°C	léttskýjað
London	10°C	skýjað	Amsterdam	10°C	skýjað	New York	8°C	skúrir
París	10°C	skýjað	Varsjá	7°C	alskýjað	Miami	27°C	léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

www.sibs.is

20

Stórglæsilegir skattfrjálsir vinningar:

milljónkróna vinningar í janúar

Ragnhildur Steinunn og faðir hennar Jón Þór:

„Við höfum séð hvað lítið framlag getur kveikt mikla hamingju“

Í starfi sínu við sjúkraþjálfun að Reykjalundi hefur Ragnhildur Steinunn séð hvað lítið framlag eins og einn happdrættismiði getur kveikt mikla hamingju. Framlög þúsunda Íslendinga hafa byggt upp einstaka aðstöðu að Reykjalundi. Jón Þór kynntist hins vegar mikilvægi endurhæfingar frá hinni hliðinni. Eftir mjög alvarlegt slys hefur hann náð að byggja upp styrk til að takast á við það sem þeim heilbrigðu þykir einfalt – að lifa lífinu.

Veldu þér vinningsnúmer í síma

552 2150 eða á www.sibs.is

Láttu reyna á heppnina

- þú gætir unnið milljónir í verðlaun fyrir að styðja lífsnauðsynlega uppbyggingu að Reykjalundi

Vertu með

- þú veist aldrei hvenær röðin kemur að þér

22 Honda Jazz bifreiðar

léttleikandi, fjölnotabifreið, tilbúin á götuna - skattfrjáls
skoðaðu Honda Jazz hjá Bernhard

200 ferðagjafakort
frá Úrval-Útsýn að verðgildi
100 þúsund krónur hvert

ÚRVAL·ÚTSÝN

2005

3.750 Kjarvalsbækur
kjörgripur sem á engan sinn líka

Hálfur milljarður í pottinum

33.296 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 900 kr.

EUROCARD MasterCard VISA

HAPPDRÆTTI SÍBS

...fyrir lífið sjálft

HÉR & NÚ / SÍA

KJÖRKASSINN

Á að nota andvirði Símans í að byggja nýtt sjúkrahús?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	70.18%
Nei	29.82%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Horfðir þú á þátt The Amazing Race, sem tekinn var upp á Íslandi?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Farsímanotkun samkvæmt breskri rannsókn:

Sögð hættuleg heilsu barna

HEILBRIGÐISMÁL Börn yngri en átta ára eiga ekki að nota farsíma að mati William Stewart, formanns breskrar nefndar sem fjallar um geislavarnir. Að hans mati stafar börnum hætta af geislun frá símunum þrátt fyrir að það hafi ekki verið sannað.

William sagði í viðtali við Skyfréttastofuna að börn verði fyrir mun meiri áhrifum af völdum geislunar en fullorðnir. Því sé nauðsynlegt að benda foreldrum á að gefa ungum börnum ekki farsíma.

Drífa Hjartardóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur þrisvar sinnum lagt fram þingsályktunartillögu um að heilbrigðisráðherra verði falið að standa fyrir rannsókn á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til krabbameins. Drífa segir ummæli breska vísindamannsins sýna fram á að huga þurfi betur að þessum málum hér á landi. „Við eigum að skoða þetta fordæmalaust og án allrar hræðslu.“ Hún segir svo stutt síðan notkun farsíma hófst að áhrif hennar á heilsu fólks séu enn ókunnar. „Við vitum ekki hvað við erum að gera heilsu okkar.“ Tillagan verður aftur lögð fram á komandi þingi. **– ghg**

FARSÍMANOTKUN
Breskur prófessor telur að hún hafi áhrif á heilsu fólks, sérstaklega barna.

1,3 milljarðasti Kínverjinn:

Baðaður athygli

KÍNA Kínverjar eru orðnir 1,3 milljarðar talsins og upphófst mikið fjölmiðlafár þegar tímamótabarnið, Zhang Yichi, fæddist síðasta fimmtudag. Í kjölfarið buðu fyrirtæki foreldrum hans gull og græna skóga fyrir að láta hann koma fram í auglýsingum, svo sem fyrir bleyjur og þurrmjólk, að því er BBC greinir frá.

Foreldrum hans líst hins vegar ekkert á frægðina. „Zhang Yichi er of ungur og of miklar athafnir vegna auglýsinga hafa skaðleg áhrif á vöxt hans,“ sagði Zhang Tong, faðir hans, í viðtali við kínverskt dagblað. ■

FISKVINNSLA
Í viðræðum Íslands og Færeyja í byrjun vikunnar var rædd staðan sem upp kemur þegar væntanlegur fríverslunarsamningur landanna hefur verið staðfestur.

Ísland og Færeyjar:

Óbreyttar veiðiheimildir

SJÁVARÚTVEGUR Botnfiskveiðar Færeyinga við Ísland verða óbreyttar á þessu ári frá því sem verið hefur. Þetta var meðal niðurstaðna viðræðna landstjórnarmannsins Björns Kalsös, sem fer með sjávarútvegsmál í Færeyjum og Árna M. Mathiesens sjávarútvegsráðherra á mánudag, en þeir funduðu í Reykjavík til að ræða fiskveiðisamning Færeyja og Íslands.

Þá verða í gildi sömu ákvæði og á nýliðnu ári um veiðar á uppsjávarfiski, auk þess sem óbreyttar verða heimildir íslenskra og færeyskra skipa til veiða á norsk-íslenskri síld og kolmunna innan lögsagna landanna. **- óká**

Kolmunnaveiðar:

Stóraukinn afli við Ísland

FISKVEIÐAR Í samantekt Fiskistofu um kolmunnaafla eftir veiðisvæðum kemur fram að hlutfall kolmunnaaflans sem veiddur var í íslenskri lögsögu óx verulega í fyrra samanborið við árið 2003. Hlutfall kolmunnaafla í íslenskri lögsögu 2003 var u.þ.b. 53% af kolmunnaafla íslenskra skipa sama ár en á tímabilinu janúar til nóvember 2004 jókst hlutfallið í rúmlega 76%. **- kk**

Geðsjúkir rifnir upp með rótum

Arnarholti verður lokað um næstu mánaðarmót. Aðstandandi sjúklings þar segir það ómannúðlegt að fólkið skuli rifið upp með rótum og flutt annað, í sparnaðarskyni, jafnvel til bráðabirgða. Enn er eftir að flytja 18 manns af 30.

HEILBRIGÐISMÁL Ingveldur B. Thoroddsen, aðstandandi sjúklings sem fluttur hefur verið frá Arnarholti á Klepp segir það „hörmulegt, að þetta litla samfélag, sem verið hefur um árabil í Arnarholti skuli leyst upp.“ Þarna hafi skapast náin vinátta milli fólks, sem síðan sé „rifið upp með rótum“ og sett niður á öðrum stofnunum.

Samkvæmt upplýsingum Erlu Bjarkar Sverrisdóttur deildarstjóra í Arnarholti verður því lokað um næstu mánaðarmót. Um 30 sjúklingar voru þar áramótin 2003 – 2004, en nú eru 18 eftir. Þá voru vistmenn í Gunnarsholti fluttir á sérdeild í Arnarholti þegar fyrrnefnda staðnum var lokað. Þeir hafa nú verið fluttir þaðan og á aðra staði.

Erla Björk sagði, að sjúklingarnir sem verið hafi og séu enn í Arnarholti hafi farið eða fari á stofnanir á geðsviði Landspítala háskólasjúkrahúss, svo sem Klepp og á sambýli eða á hjúkrunarheimili. Þá sé verið að standsetja tvö sambýli, annað á Teigi á Flókagötu þar sem áfengismeðferð LSH var áður og hitt í Esjugrund á Kjalarnesi. Hið síðarnefnda verði tilbúið innan skamms. Einnig verði opnuð deild á Landakoti fyrir fólk sem er í bið eftir öðrum búsetuúrræðum. Þangað fari þrír sjúklingar.

Spurð hvernig flutningarnir frá Arnarholti hefðu lagst í sjúklingana sagði Erla Björk að þeir hefðu tekið þeim af æðruleysi, enda hefðu þeir haft sinn undirbúningstíma.

ARNARHOLT
Verður lokað um næstu mánaðarmót. Harðlega er gagnrýnt að sjúklingum þar skuli skákað milli staða í sparnaðarskyni.

„Það var verra þegar óvissa ríkti um hvert þeir ættu að fara,“ sagði Erla Björk, sem fylgir hluta hópsins á sambýli, alla vega til að byrja með. „Eftir að það varð ljóst finnst mér fólkið bara taka þessu vel. En það vantar fleiri sambýli í þjóðfélagið.“

Ingveldur sagði, að sér fyndist það ómannúðlegt að skáka þessu sjúka fólki á milli staða í sparnaðarskyni. „Ég kynntist samfélaginu í Arnarholti mjög vel og það er þetta fólk sem þar hefur dvalið sem knýr mig til að tala um þetta,“ sagði hún.“Þarna hafa menn tengst sterkum vináttu og tryggðarböndum og stutt hver annan í gegnum tíðina. Þetta hefur verið heimili þessa fólks, sem nú er rifið upp með rótum og dreift á aðrar stofnanir, sumum jafnvel til bráðabirgða. Mig hefur sviðið í hjartað þegar mér verður hugsað til alls þessa fólks þarna. Ég skil ekki hver meiningin á bak við þetta er, en það er virkilega særandi að vita til þess að fólkinu skuli ýtt út í þessa flutninga og allt það rask sem þeim fylgir. Geðsjúkir þurfa umfram allt festu og öryggi til þess að þeim líði vel.“ **jss@frettabladid.is**

Í HAFNARFIRÐI
Álagning fasteignaskatts í Hafnarfirði mun lækka. Tekjur bæjarsjóðs vegna skattsins munu samt sem áður aukast.

Hafnarfjörður:

Álagning lækkar

SVEITARSTJÓRNARMÁL Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar í gær var ákveðið að halda aukafund á mánudag til að ræða lækkun álagningar fasteignaskatts. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri segir að bæjarstjórn sé sammála um að lækka álagningu, en nú eigi að fara hversu mikið á að lækka.

Fyrir fundinn lá fyrir tillaga meirihluta bæjarstjórnar um að lækka álagningu fasteignaskatts úr 0,36 í 0,345 prósent. Lúðvík segir að í fjárhagsáætlun hafi verið reiknað með um 13 prósenta hækkun á tekjum bæjarsjóðs á árinu vegna fasteignaskatts. Að óbreyttu hefðu tekjurnar aukist um 18 prósent með breyttum fasteignagrunni. Hefði lækkunin verið samþykkt hefðu tekjur bæjarsjóðs vegna fasteignaskatts aukist um 15 prósent. **- ss**

DVALARHEIMILI

ÞVEGIÐ FRÍTT Á HRAFNISTU
Heimilisfólk Hrafnistu fær þvott sinn þveginn því að kostnaðarlausu. Engin áform eru uppi um að breyta því, samkvæmt tilkynningu Sveins H. Skúlasonar forstjóra. Nefnir hann þetta vegna umræðu sem hafi verið uppi um gjaldtöku af þvotti heimilisfólks á heimilum aldraða.

Neslistinn á Seltjarnarnesi:

Segir fjármálin í uppnámi

SVEITARSTJÓRNARMÁL Neslistinn á Seltjarnarnesi segir fjárhagsáætlun bæjarins fyrir þetta ár vera í uppnámi vegna athugasemda Skipulagsstofnunar við tillögu bæjarstjórnar að aðalskipulagi Seltjarnarness. Þar er gert ráð fyrir að selja land Hrólfsskálamels og Suðurstrandar og er áætlað söluverð 350 milljónir króna.

Neslistinn segir ekki geta orðið að sölu þessara landsvæða fyrr en aðal- og deiliskipulag hefur verið samþykkt og vilja íbúafund um skipulagsmál. Í athugasemd Skipulagsstofnunar segir að skýra þurfi frá öðrum uppbyggingakostum í sveitarfélaginu, auk þess sem bregðast þurfi við athugasemdum frá 1100 bæjarbúum sem mótmæltu tillögunni.

Í tilkynningu frá bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokks á Seltjarnarnesi segir að afgreiða megi athugasemdir Skipulagsstofnunar með nánari greinargerð um uppbyggingakosti. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks telji hins vegar að niðurstaðan gefi tilefni til að efna til frekara samráðs við íbúa um skipulagsáformin og mögulega framtíðaruppbyggingu á Seltjarnarnesi. Þá á skipulagsnefnd að koma á fót sérstökum rýnihópi bæjarbúa sem hafi það hlutverk að vera nefndinni til ráðgjafar og samráðs um endanlega mótun skipulagsstefnunnar. **- ss**

FYRIRHUGUÐ HÁHÚSABYGGÐ
Neslistinn segir bæjarstjórn Seltjarnarness ekki geta selt landsvæðið, þar sem fyrirhugað er að reisa háhúsabyggð.

Gegnheil gæði og gott verð

Mazda er japanskur bíll, framleiddur í Japan
sem vermir nú toppsætið samkvæmt stærstu gæðakönnun Evrópu og skarar fram úr hvað varðar endingu og lága bilanatíðni.

Mazda3 er sérstaklega ríkulega búinn bíll þar sem saman fara falleg hönnun, frábærir eiginleikar og einstakt verð.

Mazda3 T 5 dyra 1,6 l kostar aðeins 1.795.000 kr.

Aukahlutir á mynd: álfelgur

Kynntu þér fjölda freistandi tilboða! Sími 540 5400

Mazda þykir mesti gæðabíllinn, samkvæmt könnun Auto Bild.

Mestu gæðin í Mazda

MAZDA er mesta gæðamerkið og vetur Toyota úr sessi í fyrsta sinn. Þetta eru niðurstöðurnar í stærstu gæðakönnun í Evrópu en af sex efstu framleiðendunum eru fimm japanskir og einn frá Suður-Kóreu, Hyundai.

Japanskir bílar eru gegnumsneitt bestu bílarnir hvað endingu og lága bilanatíðni snertir í Evrópu. Aðeins Hyundai blandar sér í slag þeirra efstu.

Gæðakönnunin er framkvæmd af þýska vikuritinu Auto Bild, sem byggir niðurstöður sínar á innköllunum framleiðenda, svörum lesenda, langtímaprófunum, gæðum í þjónustu og verkstæðisvinnu og mati blaðamanna á bílunum sem þeir eiga og keyra. Gæðakönnunin er að vissu leyti staðfesting því gæði þjónustu og verkstæða er ekki hægt að heimfæra upp á aðra markaði.

Verstu útkomuna fá [illegible]

Komdu, reynsluaktu og gerðu verðsamanburð.
Gæðin eru augljós.

Opið frá kl. 12-16 laugardaga

Söluumboð:
Bílás sf., Akranesi - BSA, Akureyri - Betri bílasalan, Selfossi - SG Bílar, Reykjanesbæ

RÆSIR HF
Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is

Himinn og haf / SÍA

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða varaþingmaður segir stjórnmálaferil Alfreðs Þorsteinssonar senn á enda?*

2 *Hvað var Ungverjinn með mikið af kókaíni innvortis?*

3 *Hver er besta myndasaga ársins að mati Hugleiks Dagssonar?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Landsfundur Samfylkingar:

Tímasetning enn óráðin

STJÓRNMÁL Framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar mun ákveða það í kringum næstu mánaðamót hvort landsfundur flokksins fari fram í vor eða haust. Málið var rætt á fundi framkvæmdastjórnarinnar í fyrradag en ákvörðun var frestað til næsta fundar.

Árni Gunnarsson, sem á sæti í framkvæmdastjórninni, segir hana velta fyrir sér dagsetningum fyrir landsfundinn. Hann segir að í haust verði orðið stutt í sveitarstjórnarkosningar og það kunni að vera óheppilegt. „Ég vil hafa fundinn í maí," segir Árni. „Þannig fengi skrifstofa flokksins betra næði til að undirbúa kosningarnar og því er heldur ekki að leyna að fyrirsjáanleg formannskosning milli Össurar Skarphéðinssonar og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur hefur áhrif."

TÍMASETNING UPPGJÖRS ÓRÁÐIN
Átök milli Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Össurar Skarphéðinssonar á næsta landsfundi Samfylkingarinnar eru fyrirsjáanleg.

Gunnar Svavarsson, formaður sveitarstjórnarráðs Samfylkingarinnar, hefur sagt að sveitarstjórnarfólk í flokknum vilji margt flýta fundinum og halda hann í vor. Undirbúningur fyrir sveitarstjórnarkosningar árið 2006 sé að hefjast og muni verða kominn á fullt skrið næsta haust, meðal annars með vali á framboðslistum. ■

Samfylkingin:

Karl Th. hættir

STJÓRNMÁL Karl Th. Birgisson, framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, hefur sagt upp störfum.

„Þetta hefur átt sér alllangan aðdraganda. Ég ætla að láta gamlan draum rætast" segir Karl en vill ekki skýra nánar frá hvað hann taki sér fyrir hendur. Karli voru þökkuð vel unnin störf á framkvæmdastjórnarfundi Samfylkingarinnar í gær. Karl hefur verið framkvæmdastjóri frá því sumarið 2002. „Ég hef verið tvö og hálft ár. Það er svona meðalendingartími á framkvæmdastjóra." Nýr framkvæmdastjóri hefur ekki verið ráðinn í stað Karls. ■

AFRÍKA

UPPREISNARMENN Í KOSNINGABARÁTTU Þrír hópar búrúndíska uppreisnarmanna hafa skráð sig sem stjórnmálaflokka og þannig opnað fyrir möguleikann á þátttöku þeirra í þingkosningum í apríl sem eiga að binda enda á ellefu ára borgarastríð. 260 þúsund manns hafa látist í borgarastríðinu, flestir óbreyttir borgarar.

FRIÐARUMLEITANIR MBEKI Thabo Mbeki, forseti Suður-Afríku, ræddi í gær við Laurent Gbagbo, forseta Fílabeinsstrandarinnar. Mbeki vildi með þessu þrýsta á um að stjórnvöld og uppreisnarmenn semdu frið. Hvorki hann né Gbagbo vildu tjá sig um efni fundarins að honum loknum. Í fyrradag skoruðu stjórnvöld í Gabon á Sameinuðu þjóðirnar að fjölga friðargæsluliðum á Fílabeinsströndinni verulega.

Þjónustumiðstöðvar:

Fjórir nýir stjórnendur

BORGARRÁÐ Starfshópur á vegum borgarstjóra hefur lagt til að Óskar Dýrmundur Ólafsson, Ragnar S. Þorsteinsson, Hafdís Gísladóttir og Aðalbjörg Traustadóttir verði ráðin framkvæmdastjórar nýrra þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar. Umsóknarfrestur rann út 28. nóvember og bárust 67 umsóknir.

Afgreiðslu umsóknanna var frestað á síðasta fundi borgarráðs til næsta fundar að ósk fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Framkvæmdastjórarnir munu starfa í þjónustumiðstöðvum Miðborgar og Hlíða, Vesturbæjar, Laugardals og Háaleitis og Breiðholts og Árbæjar.

– ghg

Brown vinsælli en Blair í skugga deilna

Deilur forsætisráðherra og fjármálaráðherra Bretlands eru enn einu sinni í brennidepli nú þegar styttist í þingkosningar. Deilurnar virðast þó ekki hafa mikil áhrif á fylgi flokksins sem heldur forskoti sínu á Íhaldsflokkinn.

BRETLAND Fylgi breska Verkamannaflokksins myndi aukast verulega ef Gordon Brown fjármálaráðherra tæki við leiðtogahlutverkinu af Tony Blair forsætisráðherra. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar sem gerð var fyrir dagblaðið The Independent og birt var í gær.

Mikið hefur farið fyrir fréttum af deilum Blair og Brown í breskum fjölmiðlum að undanförnu þrátt fyrir að sjálfir hafi þeir reynt að bera þær til baka.

Samkvæmt könnun The Independent eru 23 prósent aðspurðra staðráðin í að kjósa Verkamannaflokkinn undir forystu Blair, 31 prósent sögðust hins vegar staðráðin í að kjósa flokkinn ef Brown tæki við leiðtogahlutverkinu. Búist er við að boðað verði til þingkosninga í maí en ár er enn eftir af öðru kjörtímabili Verkamannaflokksins við völd.

Blair og Brown funduðu á mánudag með þingmönnum flokksins. Blair hélt ræðu um samstöðu flokksmanna en Brown sat þögull. „Ég veit, eftir samtöl við alla í ríkisstjórninni, að ekkert verður látið flækjast fyrir sameinuðum Verkamannaflokki með sameiginlega sýn og því að tryggja þriðja kjörtímabil Verkamannaflokksins sem þjóðin þarfnast nauðsynlega," sagði Blair að sögn talsmanna hans.

BLAIR Á LEIÐ TIL FUNDAR
Tony Blair hélt ræðu yfir þingmönnum Verkamannaflokksins og lagði áherslu á samheldni flokksins. Gordon Brown þagði þunnu hljóði.

Atburðir undanfarinna daga bera einingu flokksins ekki merki. Í nýútgefinni ævisögu Gordons Brown, skrifaðri af Robert Peston blaðamanni Sunday Telegraph, er því haldið fram að Blair hafi heitið Brown því síðla árs 2003 að láta honum eftir leiðtogahlutverkið fyrir næstu kosningar gegn því að Brown styddi sig opinberlega, þá var staða Blair mjög veik vegna innrásarinnar í Írak. Síðan þá hefur Blair sagst ætla að sitja út næsta kjörtímabil og segir Peston að Brown hafi sagt Blair að hér eftir treysti hann engu sem forsætisráðherrann segi sér. Hvort tveggja Blair og Brown hafa vísað þessu á bug. Þá vakti athygli að báðir boðuðu til blaðamannafundar á sama tíma, samstarfsmenn Blair sögðu það mistök en breskir fjölmiðlar segja samstarfsmenn Brown gruna forsætisráðherrann um græsku.

Deilurnar og fréttir af þeim virðast þó ekki ætla að reynast flokknum dýrkeyptar. The Times birti í gær könnun sem sýndi Verkamannaflokkinn með 38 prósenta fylgi, Íhaldsflokkinn með 33 prósent og Frjálslynda demókrata með 20 prósent.

brynjolfur@frettabladid.is

DV

Erfingi Íslands fæðist í mars

„ÉG MYNDI EKKI VILJA SKIPTA Á ÖLLUM AUÐI VERALDAR OG ÞESSU BARNI," SEGIR MÓÐIRIN

DV – hefur þú séð DV í dag?

Bláfjöll:

Dýrara í lyfturnar

ÍÞRÓTTIR Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur hækkaði um áramótin gjöld fyrir skíðaiðkun í Bláfjöllum.

Daggjaldið verður 1.200 krónur á dag fyrir fullorðna og 500 krónur fyrir börn þangað til að ný stólalyfta verður tekin í notkun í febrúar. Þá hækka daggjöld á virkum dögum í 1.300 krónur og í 1.500 krónur um helgar. Barnagjald verður óbreytt. Fullorðinsgjaldið var áður 1.000 krónur á virkum dögum 1.200 krónur um helgar.

Fullorðnir sem nýta sér eingöngu byrjendalyftur borga 500 krónur. Verð fyrir árskort hækkar úr 13.800 krónum í 16.000 krónur og árskort fyrir börn hækkar úr 6.600 krónum í 8.000 krónur. Gjald fyrir rútuferð frá Reykjavík til Bláfjalla verður áfram 250 krónur. ■

Í BLÁFJÖLLUM
Gjöld hækka þegar ný stólalyfta verður tekin í notkun í febrúar.

Kynningarverð 12.999 kr.
NÝTT!
Umboðsaðili:
Rafport
Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Sími 554 4443. Fax 554 4102.
rafport@rafport.is www.rafport.is
Umboðsmenn um land allt

Fljótvirkasti miðaprentarinn
- Miðar á bréf, pakka, bréfabindi o.fl.
- Á CD/DVD diska, miðar úr plasti
- Prentar miða úr Word-, Excel- og Outlook
- Prentar merkiborða bæði á pappír og plast, stærðir eftir vali, allt að eins meters langa
- Allt að 62mm breidd
- 50 miðar á mínútu*
- USB tenging
- Windows hugbúnaður
- Sjálfvirk klipping
- Heilar lengjur eða staðlaðar

*Staðlaðir póstfangamiðar

At your side. brother QL-550

Augl. þóhildur 1390.40

Frá framleiðendum Vekjarans, Flettarans og Skemmtarans kemur ***NÝJUNG Í NÁMI:***



VERNDARINN

ÓKEYPIS FARTÖLVUTRYGGING*
HAGSTÆTT TÖLVUKAUPALÁN

- *Viðbótarfjármögnun*
- *Yfirdráttarlán*
- *Ókeypis Silfurkort með ferðaávísun*
- *50% afsláttur af greiðsluþjónustu*
- *Lán vegna LÍN á hagstæðum kjörum*

... og margt, margt fleira.

SKRÁÐU ÞIG STRAX!

Láttu ekki fjármálin flækjast fyrir þér í náminu. Þú getur skráð þig í Námsmannaþjónustuna í öllum útibúum Íslandsbanka eða á isb.is.

ÍSLANDSBANKI

* Vátryggjandi er Sjóvá-Almennar.

SKÍÐAKAPPI TEKST Á LOFT
Ferð Bandaríkjamannsins niður svigbrautina í Adelboden í Sviss lauk öðruvísi en hann hafði hugsað sér þegar hann missti jafnvægið, tókst á loft og lenti harkalega. Hann slapp vel frá óhappinu, stóð upp og gekk í mark. Óhappið átti sér stað á Heimsmeistaramótinu í risasvigi.

Áhyggjur kúabænda:

Mjólkurdropinn að verða æ dýrari

LANDBÚNAÐUR Síðustu fimm mánuði hefur meðalverð á mjólkurlítra í kvótaviðskiptum bænda hækkað um rúm 17 prósent. Fyrsta janúar síðastliðinn var meðalverð á lítra 308 krónur, en var í byrjun september 263 krónur.

Verð í einstökum kaupum á kvóta getur þó verið töluvert hærra en meðalverðið segir til um. Í nóvember þótti kvótaverð hafa náð nýjum hæðum þegar greiddar voru 360 krónur fyrir kvóta, en í síðasta mánuði heyrðust þó enn hærri tölur, eða allt upp í 400 krónur á lítrann. „Ég er nú ekki farinn að sjá svoleiðis tölur á neinum pappírum," sagði Erna Bjarnadóttir, sviðsstjóri hjá Bændasamtökunum, en hún heldur utan um birtingu meðalverðs á greiðslumarki mjólkur á vef samtakanna. Hún bendir á að ákveðinn fyrirvara verði að setja við tölurnar því mismunandi geti verið til hvaða tímabils greiðslumarkið nái og hvort það sé fullnýtt eða ekki. Þannig gerir hún síður ráð fyrir að verð haldi áfram að hækka nú þegar líður á vorið.

- óká

VERÐÞRÓUN MJÓLKURKVÓTA:

Dagsetning	Lítraverð
1. september	263 kr.
1. október	268 kr.
1. nóvember	265 kr.
1. desember	295 kr.
1. janúar	308 kr.

Heimild: Bændasamtök Íslands

Í FJÓSINU AÐ MIKLAHOLTI
Í bændastétt finnast þeir sem óttast verðþróun mjólkurlítra í kvótaviðskiptum þar sem hátt lítraverð þýði skuldsettari bú í fjármagnsfrekum rekstri. Mikil eftirspurn er eftir mjólkurkvóta og framboð lítið, vegna mikillar sölu undangenginna ára.

GEORGE W. BUSH
Fleiri eru ánægðir með frammistöðu forsetans nú en fyrir mánuði.

Skoðanakönnun vestra:

Helftin sátt við Bush

BANDARÍKIN Naumur meirihluti Bandaríkjamanna er sáttur við frammistöðu George W. Bush Bandaríkjaforseta samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem Gallup gerði fyrir CNN og dagblaðið USA Today. 52 prósent eru ánægð með frammistöðu hans en 44 prósent óánægð.

Svarendur lýstu mestri ánægju með hvernig hann hefði brugðist við náttúruhamförunum í Asíu (75 prósent ánægð) en minnstri ánægju með áform hans um að breyta almannatryggingakerfinu (41 prósent). ■

Heilbrigðisútgjöld:

Aldrei meiri vestanhafs

BANDARÍKIN Bandaríkjamenn hafa aldrei varið hærra hlutfalli af þjóðartekjum í heilbrigðismál en árið 2003. Alls vörðu þeir 1,7 billjónum dollara, andvirði um 108 billjóna (með tólf núllum) króna. Þetta nemur 15,3 prósentum af vergri þjóðarframleiðslu Bandaríkjanna og er það í fyrsta skipti sem útgjöld til heilbrigðismála fara yfir fimmtán prósent af vergri þjóðarframleiðslu.

Dagblaðið New York Times greinir frá þessu í gær, en þar kemur jafnframt fram að dregið hefur úr útgjaldaaukningu til heilbrigðismála þrátt fyrir að hún sé meiri en vöxtur efnahagslífsins í heild. ■

Miltisbrandur undir Hlemmi

Nautgripur sem drapst af miltisbrandi er grafinn undir Hlemmi í Reykjavík. Hann var frá bóndabýlinu Sunnuhvoli í Reykjavík. Fornleifavernd ríkisins hyggst styðjast við gildandi lög um að stöðva framkvæmdir ef grunur leikur á miltisbrandsmengun.

MILTISBRANDUR Kýr frá bóndabænum Sunnuhvoli í Reykjavík, sem var á sinni tíð í hvilftinni þar sem Austurbæjarapótek er nú, veiktust af miltisbrandi og voru flestar grafnar einhvers staðar í námunda við býlið, að sögn Sigurðar Sigurðssonar, dýralæknis sauðfjár- og nautgripasjúkdóma hjá yfirdýralæknisembættinu.

„Það þótti alveg öruggt að þarna hefðu 4-5 kýr sýkst af miltisbrandi og þær voru settar í eina stóra gröf," sagði Sigurður. „Ein kýrin liggur undir Hlemmi sjálfum."

> **„Ein kýrin liggur undir Hlemmi sjálfum."**

Fornleifafræðingar ræddu stöðu miltisbrandsmála á aðalfundi sínum nýverið. Steinunn J. Kristinsdóttir fornleifafræðingur sagði að menn teldu vitneskjuna um staðsetningu miltisbrandssýktra svæða afar mikilvæga. Þá væri afar brýnt að fólk væri meðvitað um að miltisbrandur væri til staðar hér á landi og úrræði til að forðast hann.

SIGÐURÐUR SIGURÐARSON
Safnar upplýsingum um miltisbrandssýkt svæði á Íslandi.

Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins, sagði að Fornleifavernd, sem veitti leyfi til rannsókna og væri stjórnsýslustofnun sem gæti tekið afgerandi ákvarðanir, væri í nánu samstarfi við yfirdýralækni og Sigurð Sigurðarson varðandi umsóknir um rannsóknarstaði, svo og margþætta upplýsingamiðlun.

„Samkvæmt þjóðminjalögum getum við stöðvað framkvæmdir ef eitthvað er að," sagði Kristín Huld. „Hingað til hefur þessu ákvæði verið beitt sé fólk að grafa í óleyfi og jafnvel hætta á því að fornminjum sé spillt. Teljum við að grunur sé um miltisbrandsmengun getum við stöðvað framkvæmir á því svæði, samkvæmt ákvæði laganna."

Sigurður Sigurðarson sagði að tilkynnt hefði verið um grunuð miltisbrandssýkt svæði allt frá Hafnarfirði, til Reykjavíkur og út á Seltjarnarnes.

„Það er margsinnis sagt frá tilfellum veikinnar sjálfrar í Reykjavík," sagði Sigurður, „en það þarf að fara betur ofan í þau gögn. Ég hef hug á að leita til Umhverfisnefndar Reykjavíkur til að athuga hvort þeir geti ekki komið inn í þá vinnu."

> **Grunuð miltisbrandssvæði í Reykjavík eru tvö til þrjú, þótt vafalaust séu þau miklu fleiri.**

Spurður um grunuð miltisbrandssvæði í Reykjavík kvaðst Sigurður ekki hafa heyrt um nema tvö til þrjú, þótt vafalaust væru þau miklu fleiri.

jss@frettabladid.is

HLEMMUR
Fullvíst þykir að nautgripur frá þáverandi bóndabýlinu Sunnuhvoli í Reykjavík hafi drepist úr miltisbrandi og verið huslaður á Hlemmi.

SUNNUHVOLL
Var býli suðvestan í Rauðarárholti, stofnað 1891, að því er segir í bók Páls Líndal, Reykjavík, sögustaður við Sund. Á myndinni sem tekin var 1912 er Sunnuhvoll, sem stóð á sömu slóðum og Austurbæjarapótek er nú.

SkodaFabia

Fæst nú einnig sjálfskiptur í Combi–útgáfu

Skoda Fabia sameinar sportlegt útlit og einstakt notagildi. Bíllinn er búinn ríkulegum staðalbúnaði en fæst nú með veglegum aukahlutapakka á frábæru verði. Meðal aukabúnaðar má nefna rafmagn í framrúðu, geislaspilara, þokuljós í stuðara, leður á stýri, gírstöng og handbremsu. Síðast en ekki síst er bíllinn með sóllúgu og 14" álfelgum, sem gera hann enn glæsilegri.

Svona búinn kostar Skoda Fabia Terno aðeins 1.490.000 kr. Það er vit í því.

Afborgun á mánuði er aðeins 14.615 kr.*

Loðnuveiði:

Mikil veiði fyrir austan

SJÁVARÚTVEGUR Miklu magni af loðnu hefur verið landað á Austfjörðum undanfarna daga. Fyrstu loðnunni var landað 5. janúar í Neskaupstað. Gunnþór Ingvarsson, aðstoðarmaður forstjóra hjá Síldarvinnslunni, segir að veiðin líti vel út. Nú sé búið að landa um 8.500 tonnum á þremur stöðum, Neskaupstað, Seyðisfirði og Siglufirði.

Vinnsla er komin í fullan gang og loðnan verður brædd og fryst. Gunnþór segir að ágætis útlit sé á mörkuðum fyrir loðnumjöl um þessar mundir. ■

VIÐ LOÐNUVEIÐAR
Loðnuvinnsla er komin á fullt fyrir austan.

Reykjavík:

Álagning fasteignaskatts hækkar ekki

SVEITARSTJÓRNARMÁL Á morgun mun Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri leggja fyrir borgarráð tillögu um að álagningarprósenta fasteignaskatts muni ekki hækka, líkt og gert er ráð fyrir samkvæmt fjárhagsáætlun borgarinnar sem samþykkt var í desember. Þá var samþykkt að hækka álagningu fasteignaskatts úr 0,32 prósentum í 0,345 prósent, en ef tillagan verður samþykkt mun álagningarprósentan verða 0,32 eins og áður. Steinunn Valdís segir að það hafi ekki legið fyrir hver hækkun fasteignamats yrði nú um áramót. Það hefði ekki orðið ljóst fyrr en 23. desember þegar auglýsing kom frá fjármálaráðuneytinu. Gert hafi verið ráð fyrir 12 prósenta hækkun, en raunin hafi verið að fasteignamat sérbýlis hækkaði um 20 prósent og fasteignamat fjölbýlis hækkaði um 13 prósent. Steinunn Valdís segir jafnframt að með hækkun álagningar hefði borgin aukið tekjur sínar um 130 milljónir. Vegna breyttra forsenda mun borgin auka tekjur sínar um 103,6 milljónir með því að hækka álagninguna ekki. - ss

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

NÝBYGGING Í REYKJAVÍK
Lagt verður fyrir borgarráð tillaga um að draga fyrirhugaða hækkun á álagningu fasteignaskatts í Reykjavík til baka.

Ígildi góðrar starfslokagreiðslu

Mikill munur er á greiðslu lífeyris til opinberra starfsmanna og almennra launþega. Hann getur verið ígildi 10-20 milljóna króna starfslokagreiðslu.

LÍFEYRISMÁL Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða á almennum markaði er 11 prósent meðan ríkið tryggir starfsmönnum sínum réttindi sem nemur 15,5 prósenta framlagi í lífeyrissjóð.

> **„Skuldbinding ríkisins nemur hundruðum milljarða króna.**

Opinber starfsmaður fær 93,5 prósent af meðaltals mánaðarlaunum í ellilífeyri en sjóðfélagi í Lífeyrissjóði verslunarmanna fær t.d. 69,3 prósent miðað við sömu forsendur. Reynist framlag ríkis og starfsmanna ekki nóg til að standa undir réttindunum eykur ríkið framlag sitt meðan aðrir lífeyrissjóðir skerða réttindi sjóðfélaga. Skuldbinding ríkisins nemur hundruðum milljarða króna.

Miðað við 250 þúsund króna mánaðarlaun og 3,5 prósenta vexti jafngildir umframréttur opinberra starfsmanna 10 milljóna starfslokagreiðslu borið saman við verslunarmenn. Miðað við 500 þúsund króna mánaðarlaun er rétturinn ígildi 20 milljóna starfslokagreiðslu.

Pétur Blöndal alþingismaður segist oft hafa bent á þennan mun og hann væri í fínu lagi ef opinberir starfsmenn kynnu að meta þessi réttindi sín. „Í síðustu samningum kennara jókst skuldbinding ríkissjóðs um 10 milljarða eða um 2,5 milljónir á hvern starfandi kennara. Í samningunum fyrir 3-4 árum jókst skuldbindingin um 23 milljarða eða um 5 milljónir á hvern starfandi kennara. Skuldbinding ríkissjóðs hefur vaxið um 7,5 milljónir á starfandi kennara í tveimur síðustu samningum og samt er ríkið ekki aðili að þeim samningum," segir hann.

Þessa skuldbindingu greiða skattgreiðendur og það segir Pétur að væri í lagi ef opinberir starfsmenn kynnu að meta það en það geri þeir ekki því „þeir krefjast launa eins og gengur á almennum markaði." Í stað þess að opinberir starfsmenn velji milli þess að hafa há laun og venjuleg lífeyrisréttindi eða lægri laun og góð lífeyrisréttindi vilji þeir hvort tveggja.

ghs@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

PÉTUR BLÖNDAL
Þingmaðurinn segir að skattgreiðendur greiði fyrir mikil lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og það segir Pétur að væri í lagi ef þeir kynnu að meta það. Það geri þeir ekki.

LAGERSALA
VETRARFATNAÐUR
50-70%
AFSLÁTTUR
TOPP AFSLÁTTUR Á TOPP MERKJUM
EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

SkodaOctavia

Skoda Octavia hefur hlotið frábærar viðtökur, sem kemur svo sem ekki á óvart. Hönnun, tæknileg fullkomnun og strangt gæðaeftirlit gera Skoda Octavia að yfirburðabíl í sínum verðflokki. Samanburður við helstu keppinauta er því nánast ósanngjarn.

Athugið að álfelgur og rafdrifnar rúður eru staðalbúnaður.

Skoda Octavia Terno kostar aðeins 1.745.000 kr.

Afborgun á mánuði er aðeins 17.116 kr.*

Octavia Terno 1.745.000 kr.

* Miðað við 30% útborgun og Bílasamning Lýsingar til 84 mánaða í erlendri myntkörfu. Tilboð gilda út janúar 2005.

GRÁTIÐ Á INDLANDI
Naggammal grét á staðnum þar sem heimili hennar stóð áður en flóðbylgjan reið yfir Nagappattinam á sunnanverðu Indlandi. Í bakgrunni má sjá dóttur hennar Thalaiamma leita að munum til að selja.

Landssöfnun vegna hamfaranna í Asíu:

Íslendingar þekkja hamfarir

SÖFNUN Neyðarhjálp úr norðri nefnist sameiginlegt átak í landssöfnun sem formlega hófst í gær vegna hamfaranna í Asíu. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti Íslands, er verndari söfnunarinnar.

Vigdís segir Íslendinga geta á ýmsan hátt sett sig í spor þeirra sem hafa orðið fyrir barðinu á hamförunum og sé skemmst að minnast snjóflóðanna á Flateyri og Súðavík. Þá er líka að minnast eldgossins í Vestmannaeyjum og þess hversu marga hafið hefur tekið. Vigdís segist finna mikið til með þeim sem eiga um sárt að binda vegna hamfaranna, ekki síst börnunum sem þurfa að lifa með minningunum um langan tíma. Mörg þeirra hafa misst foreldra sína og eiga ekki í nein hús að vernda til að hlúa að tilfinningum sínum.

Að söfnuninni koma þrjár sjónvarpsstöðvar, þrjár verslunarmiðstöðvar, níu útvarpsstöðvar, þrjú dagblöð, listamenn, fyrirtæki og almenningur. Söfnunarfénu verður varið til neyðaraðstoðar nú og uppbyggingar á næstu árum.

- hrs

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FYRIRKOMULAG SÖFNUNAR KYNNT
Frá vinstri: Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Jónas Þ. Þórisson, Vigdís Finnbogadóttir, Elín Þorsteinsdóttir, Björgólfur Guðmundsson og Renuka Perera.

FLÓÐBYLGJAN

BARIST Í ACEH Uppreisnarmenn og hermenn í Aceh-héraði í Indónesíu börðust í bænum Gauntaut þrátt fyrir að hvort tveggja Indónesíustjórn og uppreisnarmenn hafi heitið því að virða vopnahlé sem var lýst yfir eftir að flóðbylgjan reið yfir. Óttast er að átök hamli hjálparstarfi.

SÁTTAHÖND FORSETANS Chandrika Kumaratunga, forseti Sri Lanka, sagðist í gær ætla að ættleiða tamílskt barn sem hefði misst foreldra sína í flóðbylgjunni. Yfirlýsingin kom mjög á óvart enda Kumaratunga í forsvari stjórnar sem hefur um áratugaskeið barist við tamílska uppreisnarmenn og þykir yfirlýsingin sáttaboð til uppreisnarmanna.

HUNDAR SÆKJA Í LÍK Hungraðir hundar hafa reynt að komast í lík víða á hamfarasvæðunum og orðið ágengt í nokkrum tilfellum. Brugðist hefur verið við þessu með ýmsum hætti. Í Búddamusteri í Phang Nga, sem hefur verið breytt í líkhús, eru hundar skotnir með svefnlyfjum en víðast hvar eru þeir drepnir.

TVÆR VIKUR Í HAFI 21 árs manni var, á sunnudag, bjargað af fleka sem hann hafði hafst við á frá því flóðbylgjan hreif hann á sjó út á annan í jólum. Hann sagðist hafa lifað á vatni í flöskum sem hann fann á fleka og kókoshnetum. Hann sagði mörg skip hafa siglt framhjá sér áður en honum var bjargað.

Veit ekkert um afdrif fjölda ættingja og vina

Renuka Perera frá Sri Lanka hefur ekkert heyrt frá mörgum vinum og ættingjum og veit ekki hvort þeir eru lífs eða liðnir. Hún sendir systur sinni og vinkonu peninga þeim til aðstoðar.

SÖFNUN Renuka Perera, starfsmaður Alþjóðahússins, er frá Sri Lanka en hún hefur enn ekki heyrt um afdrif margra ættingja sinna. Systir Renuku og nánasti ættingi á Sri Lanka er á lífi en heimili hennar eyðilagðist í flóðbylgjunni.

Renuka reynir hvað hún getur að senda peninga út til systur sinnar og vinkonu til að hjálpa þeim að komast af. Hún hefur ekki heyrt frá mörgum vinum sínum og frændfólki og veit ekki hvort þau eru lífs eða liðin. Hún hefur reynt að hringja til þeirra síðan hamfarirnar urðu en enginn svarar símanum og hún veit ekki hvar þau eru niðurkomin. Systir Renuku býr nú ásamt eiginmanni sínum og tveimur börnum hjá tengdafólki sínu.

Renuka kemur frá Kólombó sem er höfuðborg Sri Lanka. Vinkona hennar býr í bæ skammt frá þar sem eyðileggingin var mun meiri en í höfuðborginni. Vinkonan lýsti ástandinu sem hræðilegu en 23 þúsund manns hafa látist á Sri Lanka í hamförunum og fer talan enn hækkandi. Mörg börn eru foreldralaus, fjöldi hefur misst maka sína og heimili eru stórskemmd ef ekki ónýt.

SRI LANKA
Perera er frá Colombo, höfuðborg Sri Lanka, sem liggur á vesturströnd eyjunnar. Flóðbylgjan hafði minni áhrif þar en víða annars staðar á eyjunni, einkum á austurströndinni sem var berskjölduð fyrir flóðbylgjunni.

SRI LANKABÚAR Í RÚSTUM HEIMILIS SÍNS
Þessir íbúar hafnarborgarinnar Galle misstu heimili sitt þegar flóðbylgjan skall á Sri Lanka. Þeir hafa komið sér fyrir í rústum hússins. Forseti Sri Lanka hvatti landsmenn í gær til þess að endurreisa heimili sín ekki of nærri sjónum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

RENUKA PERERA
Vill skila þakklæti til allra þeirra sem hafa lagt söfnuninni lið og láta sig málið varða. Hún segir aðrar eins hörmungar aldrei áður hafa dunið á heimalandi sínu og ástandið sé skelfilegt þar sem 23 þúsund af 300 þúsund íbúum létust.

„Venjulega eru áramótunum fagnað af miklum krafti á Sri Lanka eins og á Íslandi. Enginn fagnaði áramótunum að þessu sinni. Vinkona mín sagði ekkert í umhverfinu hafa borið vitni um að nýtt ár hefði gengið í garð, þar ríkir bara sorg," segir Renuka. Hún segir mörg lík hafa verið grafin án þess að kennsl hafi verið borin á þau en hiti veldur því að líkin byrja fljótt að rotna. Renuka segir að ef hún væri ekki ófrísk færi hún til Sri Lanka til að leggja sitt af mörkum við hjálparstarfið. Hún á erfitt með að sofna á kvöldin vegna allra hugsananna um hörmungarnar sem reika um hugann.

Renuka kom fyrst til Íslands árið 1996 sem au-pair. Eftir eitt ár var hún þess fullviss að hér vildi hún búa, landið væri friðsælt og lífsskilyrðin góð.

hrs@frettabladid.is

SkodaOctavia Combi 4x4

Glæsilegur fjölskyldubíll með aldrif og einstaka aksturseiginleika. Hefur reynst frábærlega við íslenskar aðstæður. Bíllinn er sérlega rúmgóður og sagt er að hann geti flutt fjöll ... nánast.

Skoda Octavia Combi 4x4 með 2 lítra vél kostar aðeins 2.030.000 kr.

Afborgun á mánuði er aðeins 19.913 kr.*

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

Safnanir:

Varað við fjársvikum

AÐVÖRUN Bandaríska alríkislögreglan, FBI, hefur varað fólk við því að svindlarar hafi sett upp síður til þess að hafa fé af fólki undir því yfirskyni að peningarnir eigi að renna til þeirra sem eiga um sárt að binda vegna náttúruhamfaranna í Asíu, peningarnir nýtist hins vegar aldrei þeim sem á þurfa að halda heldur svindlurunum sem fégletta fólk með þessum hætti.

Auk þessara fjárplógssíðna hafa verið settar upp nokkurs konar sjóræningjasíður sem veita eigendum síðunnar aðgang að tölvum þeirra sem fara inn á síðurnar og hlaða niður efni. ■

HJÁLPARSTARFIÐ

250 MILLJÖRÐUM LOFAÐ Rúmlega 60 ríki hafa heitið aðstoð að verðmæti 250 milljarða króna til aðstoðar fimm milljónum fórnarlamba flóðbylgjunnar sem skall á Asíuríkjum á annan dag jóla. „Ég vona að þetta sé nýja viðmiðið um það hvernig heimurinn bregst við þegar fólk er í nauð," sagði Jan Egeland, yfirmaður mannúðarmála hjá Sameinuðu þjóðunum.

152.397 LÁTNIR Staðfest hefur verið að 152.397 hafi látist af völdum flóðbylgjunnar. Tveir af hverjum þremur sem vitað er um að eru látnir eru frá Indónesíu. Vitað er um dauðsföll í ellefu ríkjum í Asíu og á austurströnd Afríku.

Indónesía	105,522
Sri Lanka	30,882
Indland	10,151
Taíland	5,291
Sómalía	298
Myanmar	90
Maldíveyjar	82
Malasía	68
Tansanía	10
Bangladess	2
Kenía	1

LÁTNIR ÚTLENDINGAR Staðfest hefur verið að ríkisborgarar 37 erlendra ríkja létust í þeim ellefu löndum þar sem flóðbylgjan gekk yfir. Flestir þeirra eru Þjóðverjar.

Þýskaland	60 látnir	678 saknað
Svíþjóð	52 látnir	637 saknað
Bretland	50 látnir	401 saknað
Bandaríkin	37 látnir	óvíst
Sviss	32 látnir	280 saknað

24 stundir

EFTIRMÁL: STÁLPÍPUVERKSMIÐJA Í HELGUVÍK

Einbeitum okkur að öðrum verkefnum

Bygging stálpípuverksmiðju í Helguvík á Reykjanesi hefur verið í burðarliðnum síðan árið 2002 en dregist verulega. í maí í fyrra sagði Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, að hann vonaðist til þess að málin væru farin að skýrast í júní.

Strandar á opnum samningum

„Forsvarsmenn stálpípuverksmiðjunnar segjast vera í fullum gangi við fjármögnun verkefnisins og það er ástæða til að trúa því en þetta hefur dregist töluvert og við erum svo sem ekkert að bíða eftir þessu verkefni sérstaklega," segir Árni. Hann segist telja að fjármögnunin hafi strandað á því að forsvarsmenn verksmiðjunnar hafa ekki lagt fram sölusamninga, eins og gildir á til dæmis álmarkaði heldur viljað hafa samninga opna sem hafi gert að verkum að fjármögnunarfyrirtæki hafi haldið að sér höndum. „Ég þykist vita að þetta hafi verið stærsta hindrunin í fjármögnun."

Önnur verkefni

Árni segir að önnur verkefni séu í fullum undirbúningi í Reykjanesbæ. Búið sé að malbika og leggja vegi í Helguvík og undirbúa svæðið fyrir ýmiskonar iðnsvæði. Þá sjái hann fram á aukningu í flugstarfsemi og flugþjónustu og bærinn vilji taka þátt í því meðal annars í tengslum við ferðaþjónustu.
Árni segist finna fyrir auknum áhuga sjávarútvegsfyrirtækja á að skoða tengingar við flugvöllinn og nokkur fyrirtæki séu að festast betur í sessi en áður. „Hér er líka allt á fullu við Reykjanesvirkjun sem verður í landi Reykjanesbæjar og kominn í gagnið árið 2006. Ég veit að það eru einnig önnur iðnfyrirtæki í undirbúningi."

HVAÐ KOSTAR ÞAÐ?

VEGABRÉF
Vegabréf fyrir fullorðinn Íslending kostar 5.100 krónur. Börn, eldri borgarar og öryrkjar greiða 1.900 krónur. Vegabréf barna gilda í fimm ár, fullorðinna tvöfalt lengur.

SJÓNARHÓLL

ÁREKSTRAR VERKALÝÐS-HREYFINGAR OG IMPREGILO

GUNNLAUGUR ÁSTGEIRSSON

Ábyrgð Landsvirkjunar mikil

Verkalýðshreyfinguna og Impregilo hefur greint harkalega á að undanförnu. Gunnlaugur Ástgeirsson segir, að þarna séu Íslendingar í fyrsta sinn að komast í kast við stórt, alþjóðlegt fyrirtæki, sem kæri sig kollótt um aðstæður á Íslandi, þær hefðir og reglur sem hér séu í gildi.
„Þegar rifjuð er upp sú umræða sem átti sér stað þegar verið var að semja við þetta fyrirtæki, þá voru þar uppi ýmis varnaðarorð um að það hefði ekki gott orð á sér, rökstudd með ýmsu sem Landsvirkjun, sem samdi við þá, mætti vel hafa vitað. Menn hljóta að spyrja sig, þegar fyrirtæki býður lægst í verk, hvort það reynist á endanum vera lægsta boð, þegar allt kemur til alls. Í þessu tilviki virðist Impregilo ekki geta staðið við þá samninga sem það gerði á þeim forsendum sem menn héldu að þeir væru að ganga út frá. Ábyrgð Landsvirkjunar er auðvitað mjög mikil í þessu máli."
Gunnlaugur sagði óhjákvæmilegt fyrir íslensku verkalýðshreyfinguna að standa mjög fast á því að þau réttindi sem hér væru við lýði, bæði sem hluti af íslenskri menningu og „vinnukúltúr" væru virt. Þar mætti ekkert gefa eftir.

Mannlífið örvað með íslensku móti

Sigrún Sumarliðadóttir, 24 ára nemi í arkitektúr, hannaði samkomumiðstöð í miðborg Rotterdam og sigraði fyrir vikið í hollenskri verðlaunasamkeppni. Hún telur þó ólíklegt að byggingin verði reist í raun og veru.

„Byggingin er mjög fjölbreytileg. Þar er bæði kaffihús og bar og á efri hæðinni er veitingahús. Hægt yrði að ganga í gegnum þetta á daginn og þetta er mjög opið fyrir alla," segir Sigrún Sumarliðadóttir, 24 ára gamall arktitektúrnemi við Technische Universiteit í Delft í Hollandi. Hún gerði sér lítið fyrir á dögunum og sigraði í þarlendri verðlaunasamkeppni, Café Cultur Prijs 2004. Þetta er í þriðja sinn sem menningarsamtökin Felix Meritis halda keppnina og tóku um 200 arkitektúrnemar og nýútskrifaðir arkitektar þátt.

SIGRÚN SUMARLIÐADÓTTIR
Sigrún er hrifin af Þingholtunum í Reykjavík en auk þess er Hnitbjörg, hús Einars Jónssonar á Skólavörðuholti í sérstöku uppáhaldi hjá henni.



VERÐLAUNA-TILLAGAN

Markmið keppendanna var að hanna samkomumiðstöð sem örvað gæti mannlíf í miðborg Rotterdam. „Það er svolítil óreiða þarna í miðbænum og ekkert vel skipulagt. Ég notaði því umhverfið, þessi neðanjarðargöng, lestarkerfið og alla þessa óreiðu sem þar er í kring og leysti hana með þessari miðstöð" segir Sigrún. Dómnefndin komst svo að orði í umsögn sinni að hönnun Sigrúnar væri raunhæf en frumleg og byði upp á raunverulega útfærslu. Sjálf býst Sigrún síður við að hugmyndin komist nokkurn tímann af teikniborðinu. „Maður veit samt aldrei," segir hún.

Sigrún býr í Rotterdam og þekkir því svæðið vel . „Þetta þróaðist smám saman, ég leit á umhverfið og reyndi að meta hvað mig langar sjálfri að hafa þarna þegar ég fer út að skemmta mér og svoleiðis." Síðan hugmyndin kviknaði tók um sex vikur að koma henni fullunninni á blað.

Í verðlaun fékk Sigrún tvö þúsund evrur, um 160.000 krónur. Vægi þess að geta sett slíka vegsemd í ferilskrána verður hins vegar ekki metið til fjár. „Ég held að þegar maður fer að sækja um vinnu eða skóla þá er þetta náttúrlega mjög gott," segir Sigrún sem hyggur á framhaldsnám í arkitektúr næsta vetur, þá helst í Lundúnum. Ekki er svo loku fyrir það skotið að hún muni starfa hérlendis í framtíðinni.

sveinng@frettabladid.is

Flóðhestur og skjaldbaka:

Víkja ekki hvort frá öðru

DÝRALÍF Mikil vinátta hefur tekist með barnungum flóðhesti og hundrað ára gamalli risaskjaldböku á dýraverndunarsvæði nokkru í Keníu.

Ársgamall flóðhesturinn fannst á dögunum aleinn á reiki, ofþornaður og illa á sig kominn skammt frá ströndum Indlandshafs. Honum var komið í hendur skógarvarða á dýraverndunarsvæði nálægt Mombasa þar sem honum var gefið nafnið Owen.

Ekki leið á löngu þar til að risaskjaldbakan Mzee, sem á svahílí þýðir „gamall maður", tók að gefa sig að flóðhestinum og síðan þá hafa þeir félagarnir verið óaðskiljanlegir þrátt fyrir um hundrað ára aldursmun.

Skógarvörður sagði í samtali við BBC að skepnurnar eyddu öllum stundum saman, í svefni og vöku. „Flóðhesturinn eltir skjaldbökuna um allt og sleikir hana í framan." Ef þessi 300 kílógramma snáði heldur áfram að braggast verða vinirnir til sýnis í einhvern tíma áður en Owen verður komið í félagsskap annars flóðhests, Cleo að nafni.

Vinátta dýra þvert á tegundir er langt í frá óþekkt á þessum slóðum. Árið 2002 tók ljónynja í Keníu hóp ungra antílópa að sér en algengara er að slík klaufdýr endi í gini ljónanna en í faðmi þeirra.

- shg

Ford Escape er fjölskyldumeðlimur

„Þegar við vorum að leita að rétta bílnum gerðum við kröfu til gæða og styrks. Við vildum fjórhjóladrifinn bíl og bárum einkum saman Honda CR-V, Toyota RAV4, Nissan XTrail og Ford Escape í þeirri leit. Með þennan samanburð í huga var valið auðvelt. Ford Escape er kraftmestur og er auk þess mjög vel útbúinn. Svo er hann að okkar mati fallegastur þessara bíla. Síðan var verðið það hagstætt að það var einfaldlega ekki hægt að sleppa góðu tækifæri til að eignast góðan bíl sem maður kemst á út um allt. Við erum búin að fara hringinn og upp á hálendið auk fleiri ferða og það er óhætt að segja að alltaf er bíllinn eins og hugur manns, stendur undir öllum væntingum og enn hefur ekki svo mikið sem ein pera bilað!“

Benedikt Sveinsson og Unnur Melsted,
ánægðir eigendur Ford Escape.

Af hverju er Escape svona vinsæll?

Sala Ford Escape jókst um rúm 2.400 prósent milli áranna 2004 og 2003. Helstu ástæður mikilla vinsælda Ford Escape eru mikið innanrými, vandaður búnaður og hagstætt verð. Enginn annar bíll í þessum flokki er jafn rúmgóður og Ford Escape og hann er töluvert rúmbetri en söluhæsti jepplingurinn RAV4, eins og bent hefur verið á í umsögn Morgunblaðsins.

Nýjungar

Aksturseiginleikar Ford Escape eru einstakir. Skynvætt fjórhjóladrifið er algjörlega sjálfvirkt og skynjar ójafnt veggrip með því að meta aðstæður hverju sinni 200 sinnum á sekúndu t.d. á malarvegum eða í hálku. Þess á milli þegar aðstæður leyfa t.d. í venjulegum bæjar- og þjóðvegaakstri er Escape eingöngu í framdrifi og sparar þannig bensín og minnkar slit á dekkjum. Þessi búnaður er algjörlega sjálfvirkur. Öryggisbúnaður er í sérflokki og má þar nefna að öryggispúðarnir nema þyngd, sætisstöðu og notkun bílbelta og veita þannig meira öryggi. Staðalbúnaður er til fyrirmyndar eins og ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, rafknúnar rúður, samlæsing með fjarstýringu, sjálfskipting, álfelgur, geislaspilari og loftkæling. Veldu Ford Escape.

Verð sem kemur á óvart!

Þú kaupir eða leigir Ford Escape, kjörin hafa aldrei verið jafn hagstæð. Þú grípur tækifærið áður en Ford Escape verður uppseldur - aftur! Sjálfskiptur Ford Escape kostar aðeins frá 2.757.000 krónum og rekstrarleigan er hagstæð, aðeins 46.509 krónur á mánuði*. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** hvort sem þú kaupir eða leigir nýjan Ford Escape. Þannig losnar þú við allt umstang og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg.

FORD ESCAPE ER HÁSTÖKKVARI ÁRSINS 2004

Unnur, Björn og Benedikt eru ánægðir eigendur Ford Escape! Ford Escape er til í fjórum útfærslum, XLS, XLT, XLT Sport og Limited. Tvær aflmiklar vélar eru í boði: 2,3 lítra, 153 hestafla og 3,0 lítra, V6 200 hestafla. Veldu Ford Escape.

Ford Escape 4x4

Escape XLS 4x4 5 dyra 2,3i sjálfskiptur:
Eigðann fyrir **kr. 2.757.000**

Ford Explorer 4x4

Explorer XLT Sport 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur.
Eigðann fyrir **kr. 4.074.000**

Ford Expedition 4x4

Expedition Eddie Bauer 4x4
5 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur.
Eigðann fyrir **kr. 4.998.000**

Ford Excursion 4x4

Excursion Limited 4x4
5 dyra 6,0 turbó dísel V8 sjálfskiptur.
Eigðann fyrir **kr. 6.460.000**

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is

Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. * Rekstrarleiga miðast við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. ** Staðgreiddur 45 dögum eftir að þú færð nýja bílinn.

360 gráður

FBL GREINING: LOÐNA

Mikilvægur hlekkur lífkeðjunnar

Gert er ráð fyrir að loðnumælingu ljúki á næstu dögum. Í kjölfarið mun Hafrannsóknastofnunin gera tillögur um endanlegt aflamark á yfirstandandi loðnuvertíð.

Hvað er loðna? Loðnan er líkt og til dæmis síld og kolmunni uppsjávarfiskur. Hún er langvaxinn beinfiskur af loðsílaætt með einn bakugga og veiðiugga. Loðnan, sem verður allt að 22 sentímetrar að lengd, dregur nafn sitt af loðinni rák sem hængurinn fær eftir endilöngum bolnum á hrygningartímanum. Loðna er mikilvægur hlekkur lífkeðjunnar í sjónum hér við land því hún er mikilvæg fæða þorsks og annars botnfisks. Sjálf lifir loðnan einkum á krabbaflóm, einkum rauðátu og pólátu.

Hvar er loðnan veidd? Loðnan, sem gengur í stórum torfum, lifir í Norður-Atlantshafi; við Ísland, Grænland og Kanada. Loðnuveiðar hófust við Íslandsstrendur árið 1964. Hún er veidd nánast allt í kringum landið. Megnið af ævinni heldur hún sig í kalda sjónum fyrir norðan land en gengur þó í hlýsjóinn fyrir sunnan og suðvestan landið til hrygningar. Að lokinni hrygningu deyr loðnan.

Hversu mikið er veitt af loðnu? Frá því kvótakerfið var tekið upp árið 1984 hefur misjafnlega mikið verið veitt af tegundinni við strendur landsins. Mesti afli íslenskra skipa á einu fiskveiðiári var frá 1996 til 1997 þegar 1.249 þúsund tonn veiddust. Minnsti afli íslenskra skipa var á síðasta fiskveiði ári þegar 575 þúsund tonn veiddust.

Í hvað er loðnan nýtt? Loðnan hefur að mestu leyti verið nýtt í fiskimjöl og lýsi, sem síðan er nýtt í dýrafóður. Hún er þó einnig flutt út til manneldis.

Hverjum selja Íslendingar helst loðnu? Loðnan er seld í nokkru magni heilfryst til Austur-Evrópu og þá helst til Úkraínu og Rússlands. Japanar kaupa hana einnig heilfrysta. Loðnuhrognin þykja herramannsmatur víðs vegar um heim. Fryst loðnuhrogn eru til dæmis flutt á Japansmarkað.

SPURT OG SVARAÐ

NÝ RAFORKULÖG

Evrópureglur réðu för

FRIÐRIK SOPHUSSON

Um áramót tóku gildi ný raforkulög sem kveða á um aðskilnað framleiðslu og dreifingu raforku. Árið 2002 taldi Friðrik Sophussons, forstjóri Landsvirkjunar, að „kostað gæti verulega yfirfjárfestingu“ að koma hér á harðri samkeppni.

Hvað kallaði á markaðsvæðingu?
Það var helst tilskipun Evrópusambandsins frá 1996. Markmið hennar var að gera raforkugeirann hluta af innri markaði Evrópu, tryggja öryggi í afhendingu raforku, auka samkeppni í framleiðslu og opna fyrir viðskipti milli landa. Markmiðin eiga tiltölulega lítið við Ísland sem býr við einangrað raforkukerfi og enga umframorku í kerfinu. Hér er enginn orkuútflutningur, nema óbeint vegna stóriðju og við þurfum ekki að hafa sömu áhyggjur af koltvísýringi og lönd þar sem rafmagn er framleitt með kolum eða olíu. Svo er flutnings- og dreifingarkostnaður hlutfallslega hár vegna fámennis í stóru landi. Í fljótu bragði sést ekki hvað rak menn áfram til breytinganna, en þær voru samt gerðar í trausti þess að samkeppnin myndi skila sér í lægra verði og sömu gæðum.

Verður breytingin til góðs?
Vissulega eru kostir, t.d. að gerðar verða skýrari arðsemiskröfur. Þá munu koma nýir eigendur að greininni því fráleitt er að láta opinber fyrirtæki keppa á samkeppnismarkaði til lengri tíma. Fyrirsjáanleg er því einkavæðing þó það verði kannski ekki á allra næstu árum. Svo má búast við sameiningu orkufyrirtækja á næstunni, líkt og gerst hefur í Evrópu. En spurningunni um hvor við höfum gengið til góðs með þessu verður varla svarað fyrr en eftir fimm ár eða svo. **- óká**

Framlög til þróunarsamvinnu við Srí Lanka þrefölduð

Fiskveiðifloti Srí-Lankamanna þurrkaðist nánast út í hamförunum á dögunum og tekið getur allt upp í áratug að rétta hag þjóðarinnar á ný. Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að verja 75 milljónum króna til þróunarsamvinnu á Srí Lanka.

Vegna hamfaranna við Indlandshaf ákvað ríkisstjórn Íslands fyrir helgi að þrefalda framlög til þróunarsamvinnu við stjórnvöld á Srí Lanka og verður alls 75 milljónum króna varið til uppbyggingarstarfs þar í landi á þessu ári á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ). Framkvæmdastjóri ÞSSÍ segir að aðstoðin verði einkum á sviði sjávarútvegs og algerlega á forsendum heimamanna. Tekið getur allt upp í áratug að koma þeim löndum sem verst urðu úti á svipaðar slóðir og þau voru á áður en hamfarirnar dundu yfir.

FRÉTTAVIÐTAL
ÞRÓUNARSAMVINNA Á HAMFARASVÆÐUM

SVEINN GUÐMARSSON
BLAÐAMAÐUR

SRÍLANSKUR SJÓMAÐUR LEGGUR NET SÍN
Rúmlega þrjátíu þúsund Srí-Lankamenn fórust í hamförunum. Fjórir af hverjum fimm fiskibátum á eynni eru ónýtir og tíu af fimmtán höfnum landsins eru í rúst.

Gerbreyttar forsendur

Í desemberbyrjun ákvað stjórn ÞSSÍ að efna til þróunarsamstarfs við tvö ný lönd, Níkaragva og Srí Lanka, á sviði sjávarútvegs og jarðhita- og orkumála, og var áformað að verja 25 milljónum króna til þróunarmála í síðarnefnda landinu. Þegar hamfaraflóðin á annan dag jóla dundu yfir eyjuna var ljóst að allar forsendur samvinnunnar höfðu gerbreyst og því yrði að breyta áherslunum. „Núna er fiskiðnaður þeirra algerlega í rúst og við þurfum því að skoða málið frá algerlega nýjum sjónarhóli,“ segir Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri ÞSSÍ. „Upphaflega ætluðum við að styðja við þá í fiskirannsóknum, stofnstærðarmati og slíku en nú er augljóst að meira þarf til.“

Yfir þrjátíu þúsund manns fórust í hamförunum á Srí Lanka og yfir ein milljón manna er heimilislaus. Fátæk fiskimannasamfélög urðu einna verst úti í flóðunum. Fyrir þau voru um 27.000 bátar til í landinu sem notaðir voru til fiskveiða. Þar af var um helmingur vélbátar, en talið er að allt að áttatíu prósent þeirra hafi eyðilagst eða laskast í flóðbylgjunni. Tíu af fimmtán fiskihöfnum eru ónýtar og fiskvinnslustöðvar og slippir hafa orðið fyrir miklu tjóni. Margir þeirra sjómanna sem enn eiga báta eru tregir til að snúa aftur til veiða þar sem þeir óttast að bátar sínir hafi orðið fyrir skemmdum og að önnur alda kunni að ríða yfir. Árið 2000 nam sjávarútvegur 2,7 prósentum af vergri landsframleiðslu Srí Lanka.

SIGHVATUR BJÖRGVINSSON

Framlögin þrefölduð

Of snemmt er að segja til um hvað gert verði til að koma srílönskum sjávarútvegi á réttan kjöl. „Núna erum við að hugsa um að fara fljótlega á vettvang aftur þegar aðeins hefur hægst um, þessa stundina er sjálf neyðaraðstoðin stjórnvöldum efst í huga. Eftir um það bil mánaðartíma gerum við ráð fyrir að senda út sérfræðinga í sjávarútvegsmálum til að ræða við yfirvöld um hvers konar aðstoð þau vilja í sjávarútvegsmálum miðað við núverandi aðstæður,“ segir Sighvatur en bætir við að samvinnan verði algerlega á forsendum heimamanna.

Í síðustu viku samþykkti íslenska ríkisstjórnin að þrefalda áður ákveðin framlög sín til þróunarsamvinnu við stjórnvöld á Srí Lanka og því verður alls 75 milljónum króna varið til uppbyggingarstarfsins þar í landi á árinu 2005. Með þessu verður mögulegt að hefjast handa fyrr en áætlað var og unnt verður að takast á við stærri verkefni á hendur.

Uppbyggingin tekur áratug

Hvað sem þróunarsamvinnunni við Íslendinga líður er ljóst að mikið verk bíður Srí-Lankamanna við að koma efnahag og þjóðlífi aftur í svipað horf. Sighvatur telur að tekið geti allt upp í áratug fyrir þau lönd sem verst urðu úti í hamförunum að komast á svipaðar slóðir og þau voru á áður en hamfarirnar dundu yfir. „Það er mjög gleðilegt hversu hratt og mikið menn hafa brugðist við neyðarástandinu,“ segir Sighvatur en hann óttast að þegar frá líði muni áhugi heimsbyggðarinnar á málefnum svæðisins dvína. „Hvað dugar skammtímaminnið hjá heiminum lengi til að taka eftir uppbyggingingunni þegar neyðaraðstoðinni sleppir?“ Kjarni málsins er þá að koma á fót öflugri neyðaraðstoð en einnig ættu ríkari þjóðir heimsins að létta á skuldabyrði þeirra sem urðu fyrir áföllum vegna hamfaranna. „Já, það er nauðsynlegt fyrir þessi lönd þannig að þau geti notað það fé sem ella færi til afborgana af erlendum skuldum til að byggja upp hjá sér,“ segir Sighvatur Björgvinsson að lokum. ■

LYKILLINN
AÐ GÓÐRI ÞJÓNUSTU

Þjónustusvið Tölvulistans annast allar almennar tölvuviðgerðir, tölvusamsetningar, uppfærslur og netuppsetningar.
Á þjónustusviði starfar þrautþjálfað starfsfólk með mikla reynslu og prófgráður frá Microsoft, CompTIA og Trend Micro

Microsoft CERTIFIED Partner

CompTIA.

acer Service Partner

TREND MICRO

Starfsmenn þjónustudeildar Tölvulistans hafa m.a. eftirfarandi gráður og hafa lokið eftirfarandi prófum:

CompTIA A+ Certified Technician Specialist • CompTIA Network+ Certified Network Specialist • Microsoft Certified Professional
Microsoft Certified Systems Administrator • Trend Micro Network Level 1 Validated Technician • Trend Micro Internet Level 1 Validated Technician
CompTIA A+ Core Hardware Adaptive Exam (220-221) • CompTIA A+ OS Technologies Adaptive Exam (220-222) • CompTIA Network+ Certification Exam 2002 (N10-002)
Installing, Configuring and Administering Microsoft Windows 2000 Professional (70-210) • Installing, Configuring and Administering Microsoft Windows 2000 Server (70-215)
Managing a Windows 2000 Network Environment (70-218) • Installing, Configuring and Administering Microsoft Windows XP Professional (70-270)
Supporting Users and Troubleshooting a Microsoft Windows XP Operating System (70-271) • Managing and Maintaining a Microsoft Windows Server 2003 Environment (70-290)
Managing and Maintaining a Microsoft Windows Server 2003 Environment for an MCSA Certified on Windows 2000 (70-292)
Trend Micro Network Level 1 Validated Technician Internet Exam • Trend Micro Internet Level 1 Validated Technician Exam

TÖLVULISTINN

Tölvulistinn þjónustudeild • Hátún 6A • 105 Reykjavík • Sími 562 5080
Tölvulistinn verslun • Nátúni 17 • 105 Reykjavík • Sími 562 6730
Tölvulistinn verslun og þjónustudeild • Glerárgötu 36 • 600 Akureyri • Sími 464 7400

skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞÓRLINDUR KJARTANSSON

Gott aðgengi að upplýsingum er forsenda markaðshagkerfis.

Aukið gagnsæi er öllum til góðs

Á ráðstefnu Fjármálaeftirlitsins á mánudag var töluvert fjallað um upplýsingagjöf þegar eftirlitsstofnanir taka til rannsóknar meintar misfellur í viðskiptum. Ljóst er að nokkuð skiptar skoðanir eru meðal bankamanna um það hvort aukið gagnsæi í slíkum málum sé til góðs.

Í ræðum sínum hvöttu Sigurður Einarsson, stjórnarformaður KB banka, og Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, til þess að farið yrði gætilega í slíkri upplýsingagjöf. Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, var hins vegar á nokkuð annarri línu og hvatti Fjármálaeftirlitið til þess að greina nánar frá þeim málum sem það vinnur að.

Hér takast á tvö sjónarmið. Annars vegar er það sjónarmið að verja þurfi fyrirtæki fyrir óheppilegri umræðu, meðal annars á þeirri forsendu að almenningur, stjórnmálamenn, fjölmiðlar og hluthafar séu ófærir um að vega og meta slíkar upplýsingar. Samkvæmt þessari skoðun er heppilegra að ábyrgir menn setjist niður í ró og næði og ráði fram úr málum bak við luktar dyr en að fjallað sé um þau á opinberum vettvangi.

Hitt sjónarmiðið felur í sér að forsvarsmenn fyrirtækja óttist ekki umræðu um starfsaðferðir sínar. Það felur í sér þá trú á fólki að það sé fært um að leggja skynsamlegt mat á það hvort og hvenær eðlilegt sé að gera athugasemdir við störf og ákvarðanir aðila á markaði.

Frjálst og óheft aðgengi að upplýsingum er grundvallarstoð markaðshagkerfis. Án þeirrar forsendu hverfa ýmsir af kostum þess eins og hendi sé veifað. Mikilvægt er að gagnsæi í viðskiptalífinu aukist enn frekar. Samhliða slíkri þróun er þó einnig mikilvægt að viðbrögð við slíkri upplýsingagjöf séu hófstillt. Eins er mikilvægt, eins og fram kom í viðtali við Howard Davies í Fréttablaðinu í gær, að Fjármálaeftirlitið njóti sjálfstæðis í störfum sínum og sé hafið yfir pólitískt dægurþras.

Engum manni dettur í hug að gera þá kröfu til meðbræðra sinna að þeir séu gallalausir eða geri aldrei mistök. Það þykir hins vegar eðlileg krafa í mannlegum samskiptum að fólk axli ábyrgð gjörða sinna og leitist við að bæta úr þeim skaða sem það kann að hafa valdið.

Sömu kröfur á að gera til fyrirtækja. Hreinskilni á aldrei að verða fyrirtækjum til miska. Öfgafull viðbrögð við smávægilegum misfellum í rekstri eru ekki til þess fallin að auka líkur á því að gagnsæi á markaði aukist.

Því miður gætir þess stundum í umfjöllun stjórnmálamanna og fjölmiðla um viðskiptalífið að smávægileg mál eru blásin upp og notuð sem röksemdir til að draga úr tiltrú fólks á heiðarleika og siðferði í viðskiptum. Slíkar tilhneigingar eru samfélagslegt mein sem getur leitt af sér mikla ógæfu ef þær hafa þá afleiðingu að þrengt verði að möguleikum íslenskra fyrirtækja til að stunda samkeppni, uppbyggingu, útrás og verðmætasköpun.

Markaðsviðskipti eru tiltölulega nýtt fyrirbæri á Íslandi og því er umhverfi þeirra um margt óþroskað. Til þess að markaðsfrelsi skili ávinningi til þjóðarinnar er ekki nóg að gera þá kröfu til kaupsýslumanna að þeir þroskist. Það þurfa stjórnmálamenn og fjölmiðlafólk einnig að gera. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Máður út?

Guðjón Ólafur Jónsson, varaþingmaður Framsóknarflokksins, segir í grein á Hriflu.is að Alfreð Þorsteinsson hafi „aldrei notið sín betur en síðasta áratuginn“ og „unnið ótrúlega mikið uppbyggingarstarf á vegum Orkuveitu Reykjavíkur“. En „því miður höfum við framsóknarmenn hins vegar oft mátt búa við það að vinsældir hans og flokksins hafa verið í öfugu hlutfalli við uppbygginguna. Laun heimsins eru oft vanþakklæti. Svo rammt kvað þessu í síðustu borgarstjórnarkosningum að tæpt þriðja þúsund kjósenda strikaði Alfreð út af framboðslista Reykjavíkurlistans. Þó eru sagðar af því ýmsar tröllasögur að Alfreð hafi nánast hvergi komið fram á vegum listans og hafi, væntanlega fyrir misgáning, verið máður út af ljósmyndum á kynningarefni framboðsins. Þessum sögum eigum við framsóknarmenn erfitt með að trúa. Það þarf hins vegar engan sérfræðing til að átta sig á því að eftir 35 ára starf að borgarmálum hlýtur að vera farið að styttast eitthvað í annan endann á stjórnmálaferli Alfreðs Þorsteinssonar“.

Ekki elliheimili

Sjálfstæðisflokkurinn er ekki að breytast í elliheimili. Bolli Thoroddsen, formaður Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, hafði samband og kvað eðlilegar skýringar á því að fátt ungt fólk var á fundi Davíðs Oddssonar í Valhöll síðastliðinn laugardagsmorgun. „Kvöldið og nóttina áður var haldinn nýársfagnaður Heimdallar þar sem yfir 200 ungir sjálfstæðismenn mættu og skemmtu sér í góðum fögnuði fram undir morgun,“ segir Bolli.

Sigur á Deiglunni

Það var áreiðanlega uppörvandi fyrir sjálfstæðismenn að lesa það á Deiglunni í gær að samkvæmt nýrri könnun vefritsins myndu þeir endurheimta meirihluta sinn í borgarstjórn væri gengið til kosninga nú. „Fengi D-listinn samkvæmt henni 52% atkvæða og átta menn kjörna, R-listinn fengi 33% atkvæða og sex menn kjörna og F-listinn fengi sjö prósent atkvæða og einn mann kjörinn,“ segir í fréttinni. Þetta er gagnstætt nýlegri Gallup-könnun sem sýndi áframhaldandi meirihluta R-listans. Munurinn gæti legið í því að könnun Deiglunnar er netkosning og það er ungt fólk sem flest er í Sjálfstæðisflokknum sem heldur vefritinu úti.

gm@frettabladid.is

Hnignun Þýskalands

Það hefur stundum verið sagt um þýska heimspekinginn Schopenhauer að hann hafi búið til heimspeki úr almennri svartsýni á tilveruna. Einhver sagði mér að svo mikil svartsýni hafi stafað af manninum að jafnlyndasta fólk hafi átt það til að verða miður sín af kurteislegu samtali við hann um almælt tíðindi. Þýskaland er auðvitað staður sem hefur stundum á tiltölulega nýlegri tíð gefið mönnum nokkurt tilefni til dökkra hugleiðinga. Fyrir fáum árum virtist manni hins vegar sem staða mála í landinu væri orðin slík að flestir ættu að hneigjast til annars en bölsýni. Þjóðverjum tókst ekki aðeins að búa til stærsta og þróttmesta hagkerfi Evrópu eftir stríðið, heldur einnig eitt jafnasta og lýðræðislegasta samfélag álfunnar þar sem menntun og öryggi var fyrir alla og það besta úr hámenningu heimsins var til staðar fyrir alla sem mögulega vildu. Nú er hins vegar aftur komin gósentíð fyrir menn með lífssýn Schopenhauers. Bókabúðir landsins eru fullar af nýjum ritum um hnignun Þýskalands og enn skelfilegri hluti í vændum. Titill nýlegrar bókar, „Er enn hægt að bjarga Þýskalandi“, segir sína sögu um þessa nýju bókmenntagrein. Dagblöð og tímarit fóðra fólk líka sífellt á ferskum hryllingssögum úr atvinnulífi, stjórnmálum, velferðarkerfi og menningarheimi landsins.

Þýskaland er auðvitað enn eitt af ríkustu löndum heimsins. Þjóðverjar seldu meira á erlendum mörkuðum í fyrra en Bandaríkjamenn og Japanar og landið er því orðið stærsta útflutningshagkerfi heimsins þrátt fyrir erfiðleika síðustu ára. Markaðshlutdeild þýskra fyrirtækja í mörgum af ábatasamari greinum heimsviðskipta er öðrum



Í DAG
ÞÝSKALAND

JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

> **Þjóðfélög nútímans hafa grundvallast á því að fólkinu fjölgi og sífellt fleiri fari út á vinnumarkaðinn.**

öfundarefni. Þýska velferðarkerfið, þótt götótt sé, er líka enn eitt hið örlátasta í heimi. Hér í Berlín eru þrjú úr hópi betri óperuhúsa heimsins starfrækt í fárra mínútna fjarlægð hvert frá öðru; að minnsta kosti tíu sinfóníuhljómsveitir gleðja unnendur tónlistar í þessari einu borg, og flestum öðrum listgreinum er betur sinnt hér en víðast hvar annars staðar í heiminum. Í síðustu viku lofaði þýska ríkið mun hærri upphæðum til hjálparstarfs og endurreisnar í Asíu en Bandaríkin eða nokkur önnur ríki treystu sér til að gera.

Þótt svartsýnin á framtíð Þýskalands minni þannig stundum meira á faraldur af almennri angist en yfirvegað mat á samtímanum, skortir svo sem ekki tilefni til ótta um að nú geti farið að halla undan fæti. Fimm milljónir Þjóðverjar eru án atvinnu og sú tala segir ekki alla söguna um atvinnuþátttöku í landinu, því flestir reyna að komast á eftirlaun áður en að sextugsafmælinu kemur. Kohl kanslari kvartaði undan því á sínum tíma að Þýskaland ætti elstu námsmenn og yngstu eftirlaunaþega í heimi og síðan þá hefur vinnandi mönnum fækkað. Tvennt gerir þetta vandamál enn alvarlegra. Annað er að innistæður eru ekki til í lífeyrissjóðum fyrir eftirlaunum þeirra milljóna manna sem hættir eru að vinna og því verður minnkandi hópur skattgreiðenda að greiða þeim mun meira. Hitt er að svo langt er um liðið síðan þjóðin hætti að fjölga sér að fleiri eru á leiðinni á eftirlaun en á leið inn á vinnumarkað. Hundruðum barnaskóla hefur verið lokað og sömuleiðis fæðingardeildum á sjúkrahúsum en hinum gömlu fjölgar sífellt. Um leið er launakostnaður svo hár að sífellt fleiri þýsk fyrirtæki reyna að flytja sem mest af starfsemi sinni úr landi. Stór hluti hinna tiltölulega fáu sem eru reiðubúnir til að vinna fær því ekki störf eða er í hættu með að missa vinnuna á næstu árum.

Svipuð þróun blasir raunar við í mörgum löndum Evrópu og í Japan, sem vekur athygli á þeirri staðreynd að þjóðfélög nútímans hafa grundvallast á því að fólkinu fjölgi og sífellt fleiri fari út á vinnumarkaðinn. Breytt aldursamsetning evrópskra þjóðfélaga mun án efa búa til mörg af erfiðustu viðfangsefnum stjórnmála í álfunni á næstu árum. Vandi Þýskalands á sér hins vegar fleiri rætur. Líkt og Japanir sitja Þjóðverjar uppi með hagkerfi sem virkaði einstaklega vel við aðstæður í heimsviðskiptum sem nú eru úr sögunni. Þýska kerfinu er sennilega enn erfiðara að breyta en mörgum öðrum því það grundvallast á skipulagi sem er of víðtækt, of nákvæmt og of stirt til að ráða við þær öru og djúpstæðu breytingar sem einkenna atvinnulíf heimsins þessi árin. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Frétt ehf. RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN, AUGLÝSINGAR OG DREIFING: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** SETNING OG UMBROT: Frétt ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

allt

heilsa o.fl.

Sölvi gefur góð ráð

BLS. 5

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.01	13.36	16.12
Akureyri	11.07	13.21	15.35

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!
Í dag er miðvikudagurinn 12. janúar, 12. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

Smáauglýsingar

byrja í dag á bls. 8

Flokkar & fjöldi

Atvinna 39 stk.
Bílar & farartæki 149 stk.
Heilsa 9 stk.
Heimilið 20 stk.
Húsnæði 23 stk.
Keypt & selt 24 stk.
Skólar & námskeið 4 stk.
Tilkynningar 3 stk.
Tómstundir & ferðir 3 stk.
Þjónusta 39 stk.

Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is

visir



Pétur ætlar að taka upp vikulegan nammidag börnunum sínum til samlætis.

Farandleikari á ferð og flugi

Pétur Eggerz fær sína helstu hreyfingu þegar hann fer með leiksýningar milli staða.

Pétur Eggerz Möguleikhússtjóri segist ekki gera neinar stórkostlegar ráðstafanir til heilsuræktar. „Það er helst að ég reyni að fara í sund á hverjum morgni. Ég fer ýmist í Breiðholtslaugina, sem er rétt hjá heimili mínu, eða Sundhöllina, sem er rétt hjá vinnunni. Kosturinn þar er að þar get ég lyft lóðum líka. Svo finnst mér líka gaman að fara út að ganga í Elliðaárdalinn sem er líka við bæjardyrnar hjá mér.“ Pétur þarf reyndar líka að hreyfa sig heilmikið í vinnunni. „Ég er alltaf að leika fyrir börn, sem er heilmikil hreyfing í sjálfu sér. Svo er ég alltaf á ferðinni með leiksýningar um borg og bý og það er heilmikil hreyfing að slá upp leikmynd og pakka niður, bera út í bíl og svo framvegis.“

Hvað mataræðið varðar segist Pétur vera að reyna að trappa sig niður eftir jólin. „Ég er búinn að safna svo góðum forða undanfarið að ég ætla að reyna að nýta mér hann núna á næstu vikum. Ég hugsa að mottóið verði „Hafa skal það sem hollara reynist nema þegar mann langar í hitt“. Ég held samt að það myndi henta mér að hafa nammidag einu sinni í viku eins og börnin mín og er að hugsa um að taka upp þann sið með þeim.“ ■

Heilsusamlegt snakk

Minna mál Ágústu Johnson er hollir snakkbitar með fræjum og korni.

Minna mál Ágústu Johnson fæst með þremur bragðtegundum: Minna mál með ristuðum lauk, Minna mál með osti og graskersfræjum og Minna mál Classic þriggja korna.

Myllan hf. hefur hafið sölu á nýjum og hollum snakkbitum undir vörumerkinu „Minna mál Ágústu Johnson“. Í þeim er enginn viðbættur sykur né heldur hert viðbætt feiti, en fituinnihald snakkbitanna ræðst einungis af þeirri náttúrulegu fitu sem kemur úr olíufræjum, svo sem hörfræjum, sólblómafræjum og sesamfræjum. Úr fræjunum fær líkaminn heilnæmar og hjartavænar olíur, svokallaðar einómettaðar og fjölómettaðar fitusýrur. Minna mál snakkbitarnir innihalda hátt hlutfall af trefjum úr mjöli og fræjum, 10 til 13 grömm í hverjum 100 grömmum, en trefjar hafa jákvæð áhrif á meltingu og geta dregið úr upptöku kólesteróls.

Allar tegundir þessa hollu snakkbita henta við hvaða tækifæri sem er, hvort sem það er snakk á kvöldin eða milli mála, eða í saumaklúbbinn og nestisboxið. Auk þess bitarnir eru góðir með áleggi, svo sem osti, kjöti og kotasælu. ■

LIGGUR Í LOFTINU

í námi

Kynningarnámskeið um höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð verða haldin á næstunni á fjórum stöðum á landinu; Reykjavík, Akureyri, Stykkishólmi og Selfossi. Námskeiðin eru opin almenningi, þar verður fagið kynnt og kenndar aðferðir sem koma að góðum notum á heimilisfólk og vini. Meðal annars verða kenndar grunnaðferðir til að losa um spennu í bandvef tengdum hryggsúlu. Upplýsingar og skráning er í síma 466 3090 eða á upledger.is

Bridsskólinn býður upp á námskeið bæði fyrir byrjendur og lengra komna nú á vorönn í húsnæði Bridssambands Íslands, Síðumúla 37. Byrjendum er kennt á miðvikudagskvöldum kl. 20-23 og stendur námskeiðið í 10 vikur frá og með 26. janúar. Framhaldsnámskeiðið er jafnlangt en fer fram á mánudagskvöldum og hefst 24. janúar. Innritun er hafin í síma 564 4247 frá 13-18 virka daga.

Ellefu styrkir eru veittir til Námufélaga á hverju ári sem skiptast þannig: Þrír styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms á Íslandi, kr. 100.000 hver, þrír styrkir til háskólanáms á Íslandi (BA/BS/MA/Phd), kr. 200.000 hver, þrír styrkir til háskólanáms erlendis (BS/BA/MA/Phd), kr. 300.000 hver, og tveir styrkir til listnáms, kr. 200.000 hvor. Námsmannaþjónusta Landsbankans og skal skila umsóknum í næsta útibú bankans fyrir 11. febrúar.

Annað sem skipti miklu um skilvirkni viðskipta væru stofnanir samfélagsins, hvort þær greiddu fyrir viðskiptum eða torvelduðu þau. Þar skipti trúverðugleiki einnig miklu. Eftir því sem viðskiptin yrðu flóknari þyrfti fullkomnari stofnanir sem leyfðu viðskipti yfir tíma og rúm. Gylfi sagði Íslendinga vera í hópi þeirra þjóða sem byggju við skilvirkt efnahagslíf sem eitt og sér benti til þess að þær stofnanir sem við höfum komið okkur upp þvælist ekki um of fyrir efnahagslífinu. Eitt af því sem Gylfi nefndi sem dæmi um frumstætt viðskiptalíf var þegar fólk tók ákvarðanir um hvert það beindi viðskiptum sínum út frá því í hvaða stjórnmálaflokki stjórnendur og eigendur fyrirtækja voru. Að því marki að þetta kerfi hefði hrunið mætti fullyrða að viðskiptalífið væri skilvirkara en áður.

Í pallborði fundarins sátu Benedikt Jóhannesson, forstjóri Talnakönnunar, Erlendur Hjaltason, framkvæmdastjóri Meiðs, Guðfinna Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík og Jón Sigurðsson Seðlabankastjóri. Samdóma álit þeirra var að traust, trúverðugleiki, orðheldni og heiðarleiki væru forsenda þess að vel gengi í viðskiptum þegar horft væri til lengri tíma. „Við eigum að varast að vera að skilgreina um of siðferðið og flokka það niður í viðskiptasiðferði og annað siðferði. Annað hvort erum við heiðarleg, orðheldin og sannsögul, eða ekki,“ sagði Jón Sigurðsson, enda dyggðir viðskiptalífsins órjúfanlegar frá almennum mannlegum dyggðum.

haflidi@frettabladid.is

Í upphafi árs

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR

Við áramót doka menn gjarna við og líta um öxl jafnframt því að horfa til framtíðar. Hvernig er staðan í efnahagsmálunum hjá okkur almennt? Við erum stödd í miðri uppsveiflu í efnahagslífinu og það veltur mjög á hagstjórn hvort það tekst að hafa stjórn á þessari miklu uppsveiflu eða hvort við förum yfir strikið og brotlendum við hinn endann á uppsveiflunni.

Hagvöxtur á nýliðnu ári er áætlaður um 50%. Slíkur vöxtur er nokkuð umfram framleiðslugetu þjóðarbúsins sem sést best á því að verðbólga fór vaxandi í fyrra, og fór úr 2% í yfir 3% á sama tíma og viðskiptahalli jókst úr 5% í 6Ω% af landsframleiðslu. Þessar tölur fyrir árið 2004 eru byggðar á spá Seðlabankans.

Á þessu ári spáir Seðlabankinn að sama þróun haldi áfram. Spáð er hagvexti töluvert umfram framleiðslugetu þjóðarbúsins, eða 6%. Þetta þýðir að það ójafnvægi sem þegar er í þjóðarbúinu mun aukast enn meira á þessu ári. Sést það ekki síst í því að spáð er viðskiptahalla upp á yfir 10% af landsframleiðslu og búist er við 3Ω% verðbólgu.

Hvernig er rétt að bregðast við þessari stöðu? Seðlabankinn leggur sitt af mörkum til að draga úr þenslunni með því að hækka stýrivexti og hækkaði þá nýverið um 1% í 8,25%. Ríkisstjórnin ákvað hins vegar að í stað þess að vinna gegn þenslunni skyldi hún gera sitt til að bæta á þensluna með því að lækka tekjuskatta. Í fjárlögum ársins 2005 eru reyndar áform um aðhald í ríkisfjármálum, en eftir er að sjá hverjar efndir verða á þessum áformum.

Ljóst er að á einhverjum tímapunkti þarf að leiðrétta það ójafnvægi sem hefur verið að myndast í þjóðarbúskapnum og aukast mun á þessu ári. Eftir síðustu uppsveiflu leiðréttist ójafnvægið í þjóðarbúinu að mestu með því að gengið veiktist mjög hratt í byrjun árs 2001. Því fylgdi verðbólguskot og dró hratt úr innflutningi. Leiðréttingin varð tiltölulega sársaukalaus í það sinnið og gekk fljótt yfir. Ekki er ljóst hvenær eða hvernig leiðrétting myndi eiga sér stað eftir þessa uppsveiflu. Hvað þá að það sé vitað hversu sársaukafull sú leiðrétting verður.

Á þessari stundu verðum við að vona það besta. Að hagstjórnaraðilar, ríkisstjórn og Seðlabanki, geri sitt besta til að tryggja að leiðréttingin gangi vel fyrir sig og við verðum ekki fyrir kollsteypu þegar núverandi uppsveiflu lýkur.

Á þessari stundu verðum við að vona það besta. Að hagstjórnaraðilar, ríkisstjórn og Seðlabanki, geri sitt besta til að tryggja að leiðréttingin gangi vel fyrir sig og við verðum ekki fyrir kollsteypu þegar núverandi uppsveiflu lýkur.

KRISTJÁN AÐALSTEINSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI NÝJA FÉLAGSINS
Áður var hann framkvæmdastjóri Harbour Grace CS á Nýfundnalandi og þar áður sölu- og markaðsstjóri Útgerðarfélags Akureyringa og framkvæmdastjóri Sæplasts á Dalvík.

Norræn samvinna

VIÐSKIPTI Sæplast á Dalvík og dönsku fyrirtækin Neptun Plast og Atlantic Trawl Floats hafa ákveðið að sameina framleiðslu sína á trollkúlum í eitt fyrirtæki. Fyrirtækin þrjú eiga jafnan hlut í nýja félaginu en það heitir Atlantic Floats og er skráð á Íslandi.

Ástæður sameiningarinnar má rekja til mikillar hækkunar á hráefnismörkuðum á síðasta ári og óviðunandi afkomu í framleiðslu trollkúla hjá öllum fyrirtækjunum þremur. - kk

Ný höfn í Hollandi

Skip Atlantsskipa munu gera Vlissingen í Hollandi að áfangastað frá og með 15. janúar nk.

Í frétt frá félaginu segir að ástæður breytinganna séu þær að í Vlissingen fái félagið betri þjónustu við skipakost, siglingaleið sé skemmri og afgreiðslutími við losun og lestun sé styttri. Þá segir félagið að nýja höfnin bjóði upp á betri tengingu við flutningaleiðir inn á meginland Evrópu en áður hafi staðið viðskiptavinum til boða. - þk

Samskip opna í Úkraínu

Ný þjónustuskrifstofa Samskipa tók til starfa í Úkraínu um áramótin og heyrir rekstur hennar undir dótturfyrirtæki félagsins í Þýskalandi.

Úkraínuskrifstofan er staðsett í höfuðborginni Kiev og er henni ætlað að sinna ört vaxandi starfsemi félagsins á þessu markaðssvæði, sérstaklega ýmiss konar stórflutningum frá höfnum í Vestur- og Norður-Evrópu til Úkraínu og hafna við Kaspíahaf og Svartahaf, að sögn Haralds Dönselmanns, framkvæmdastjóra Samskipa í Þýskalandi.

Einnig skapist fjölmörg ný viðskiptatækifæri með tilkomu Úkraínuskrifstofunnar því mikill uppgangur sé í landinu, sem sjáist best á því að verg landsframleiðsla jókst um 9,4% árið 2003 og áætlaður vöxtur í fyrra var 12,4%. ■

JACK LONDON (1876-1916)
fæddist þennan dag.

"Ég vil heldur vera aska en ryk."

Þetta rættist. Hann var logandi umdeildur alla tíð og er enn.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST

Umsátrið um Leníngrad rofið

Þennan dag 1943 tókst Rauða hernum loks að rjúfa umsátur Þjóðverja um Leníngrad, sem staðið hafði órofið í eitt og hálft ár. Þjóðverjar ákváðu fljótlega eftir að þeir réðust inn í Sovétríkin að stefna til Leningrad, sem áður hét St. Pétursborg og var höfuðborg Rússlands. Þeir náðu ekki að hertaka borgina en settust um hana og hugðust jafna þetta djásn Péturs mikla við jörðu og afhenda landið bandamönnum sínum Finnum, sem sóttu að borginni úr norðri. Finnar létu sér hins vegar nægja að leggja undir sig að nýju þau lönd í Karelíu sem Rússar tóku af þeim í vetrarstríðinu. Með umsátri Þjóðverja var allt samband íbúa Leníngrad við aðra hluta Rússlands rofið. Íbúarnir liðu mikinn skort og veturinn 1942 er talið að 650.000 manns hafi látið lífið úr hungri og farsóttum eða farist í linnulausum loftárásum nasista á borgina. Fjöldi barna og gamalmenna, um ein milljón manns að talið er, var fluttur á brott, með sleðum sem tókst að koma yfir ísilagt Ladogavatnið eða stöku pramma sem tókst að komast sömu leið að sumarlagi. Dálítið af matvælum barst um vatnið inn í borgina þar sem tvær milljónir manna þraukuðu. Það var þó ekki fyrr en 27. janúar 1944 sem herjum Sovétmanna tóks loks að hrekja Þjóðverja burt frá borginni og rjúfa eitt mannskæðasta umsátur sögunnar. Leníngrad heitir nú aftur sínu fornfræga nafni, St. Pétursborg.

LENÍNGRAD 1942

MERKISATBURÐIR

1268 Gissur Þorvaldsson jarl deyr, um 60 ára gamall.Hann var einn voldugasti höfðingi 13. aldar á Íslandi.
1583 Hollendingar taka upp gregoríanska tímatalið.
1940 Einar Benediktsson skáld deyr, 75 ára gamall.
1953 Níu læknar af gyðingaættum handteknir í Moskvu sakaðir um samsæri.
1970 Bíafrastríðinu lýkur með uppgjöf Bíafra fyrir Nígeríu.
1989 Idi Amin, fyrrverandi einræðisherra Úganda, rekinn frá Zaír.
1993 Samningurinn um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu samþykktur á Alþingi.
1995 Réttarhöld hefjast yfir ruðningshetjunni OJ Simpson.

†

Elskaður faðir minn, afi okkar, langafi, bróðir og frændi,

Magnús Eiríksson
vörubílstjóri,

lést að Hjúkrunarheimilinu Hverahlíð í Hveragerði sunnudaginn 2. janúar.

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Guðný Edda Kristinsdóttir og aðrir ástvinir.

†

Ástkær móðir okkar, tengadamóðir, amma og langamma

Sigríður Sæmundsdóttir

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 1. janúar 2005. Hún verður jarðsungin frá Þingeyrarkirkju laugardaginn 15. janúar kl. 14.00. Fyrir hönd aðstandenda,

Einar Karlsson, Birgir Thomsen Karlsson og Karl Þór Karlsson.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Óli Jóhannes Ragnarsson

frá Skálum á Langanesi, til heimilis að Gyðufelli 12, Reykjavík,

andaðist á gjörgæsludeild Landspítala Háskólasjúkrahúss Fossvogi 6. janúar 2005. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 13. janúar kl. 13.

**Reynir Ö. Ólason, Jóhanna Stígsdóttir,
Þórunn R. Óladóttir, Ernst Berndsen,
Anna G. Óladóttir, Gústaf A. Ólafsson,
Hörður H. Ólason, Hafdís Y. Ólason,
Laufey Óladóttir, Sigurjón Gunnarsson,
Hólmfríður Óladóttir, Randver Elísson,
Helgi S. Ólason, Guðrún R. Valgeirsdóttir,
Sölvi S. Ólason, Margrét Pálsdóttir,
Linda B. Óladóttir, Bryan Baker
og fjölskyldur þeirra.**

15% afsláttur
af legsteinum
gegn staðgreiðslu
í janúar og febrúar

Sendum myndalista

MOSAIK
Hamarshöfði 4, 110 Reykjavík, s: 587 1960, www.mosaik.is

AGNES OG FRIÐRIK: HÁLSHÖGGVIN Í VATNSDALSHÓLUM

Síðasta aftakan á Íslandi

Síðasta aftaka á Íslandi fór fram við Þrístapa í Vatnsdalshólum í Húnavatnssýslu 12. janúar 1830. Þá voru tekin af lífi Agnes Magnúsdóttir vinnukona á Illugastöðum og Friðrik Sigurðsson frá Katadal. Þau höfðu verið dæmd til dauða fyrir morð á tveimur mönnum aðfaranótt 14. mars 1828, Natans Ketilssonar bónda á Illugastöðum og Péturs Jónssonar frá Geitaskarði. Sá sem beitti öxinni var bróðir Natans, Guðmundur. Næsta aftaka á undan var 1790 en Bjarni og Steinunn frá Sjöundá, sem dæmd voru fyrir morð, voru ekki tekin af lífi á Íslandi. Bjarni var tekinn af í Noregi en Steinunn dó áður en til aftöku kæmi í hegningarhúsinu í Reykjavík. Hún var urðuð utangarðs á Skólavörðuholti og hét þar Steinkudys. Hún mun hafa verið skammt þar frá sem nú er listasafn Einars Jónssonar, Hnitbjörg, en grjótið var tekið og nýtt snemma á 20. öld og bein Steinunnar hlutu leg í kirkjugarði.

Friðrik Sigurðsson kom að Illugastöðum að kvöldi 13. mars 1828 og fékk tvær vinnukonur á bænum, Agnesi og Sigríði Guðmundsdóttur, til að leyna sér úti í fjósi þangað til karlmennirnir væru sofnaðir, Natan og Pétur Jónsson, sem var næturgestur. Þá fóru Friðrik og Agnes inn í baðstofu og drap Friðrik þá Natan og Pétur með hnífi. Ekki kemur fram í samtímafrásögnum að Sigríður hafi tekið þátt í morðinu, en hún hirti það sem fémætt var í baðstofunni, áður en Friðrik og Agnes kveiktu í henni. Frásögn Agnesar og Sigríðar af brunanum var ekki trúað og komst glæpurinn upp. Málið gekk sinn gang í héraðsdómi, Landsyfirrétti í Reykjavík og Hæstarétti í Kaupmannahöfn og voru þau Agnes, Friðrik og Sigríður öll dæmd til dauða. Konungur náðaði Sigríði en Agnes og Friðrik voru hálshöggvin. Þorgeir Þorgeirson skrifaði skáldsögu, Yfirvaldið, um atburðinn. Kvikmyndin Agnes sem Egill Eðvarðsson leikstýrði (1996) er byggð á sömu atburðum en þar er vikið mjög frá staðreyndum. Fjórum árum eftir aftökuna í Vatnsdalshólum var síðasti Íslendingurinn tekinn af lífi í Kaupmannahöfn. Það var Sigurður Gottsveinsson, einn Kambránsmanna. Hann var dæmdur til ævilangrar vistar í fangelsi í Kaupmannahöfn. Þar réðst hann á fangavörð með hnífi og var líflátinn fyrir.

Eftir 1830 mun tugur Íslendinga hafa verið dæmdur til dauða í Hæstarétti Dana. Konungur mildaði refsingu allra svo að enginn var tekinn af lífi samkvæmt dómi. Dauðarefsing var síðar afnumin í tveimur áföngum. Árið 1869 voru sett ný hegningarlög, í aðalatriðum eins og ný dönsk lög, og var þá felld úr lögum dauðarefsing fyrir dulsmál og blóðskömm. Seinasti dauðadómurinn á Íslandi var kveðinn upp í upphafi 20. aldar yfir konu sem drap bróður sinn á eitri í Dúkskoti í Reykjavík. Hún var seinna náðuð. Með breytingum á hegningarlögum árið 1928 var dauðarefsing afnumin..

Ekki er vitað hve margir menn voru líflátnir á Íslandi á fyrri öldum en talið er að þeir hafi verið um eða innan við tvö hundruð. Flestir voru drepnir á Þingvöllum og þar eru örnefni sem vitna um þetta: Drekkingarhylur, Brennugjá og Gálgaklettar. Víða um land eru líka örnefni sem benda til válegrar sögu: Gálgaklettar eru á Álftanesi og sögur fara af drekkingum sekra í hyljum í Elliðaánum. ■

HNITBJÖRG Á SKÓLAVÖRÐUHOLTI Var Steinkudys hér?

AFMÆLI

Bent Scheving Thorsteinsson hagfræðingur er 83 ára í dag.
Kristján Benediktsson, fyrrverandi borgarfulltrúi, er 82 ára
Jón Rúnar Ragnarsson akstursíþróttamaður er sextugur í dag.

Heimir Ólafsson pípulagningameistari er fimmtugur í dag.
Ingi Bogi Bogason cand. mag. er fimmtugur í dag.
Elísabet Þorgeirsdóttir rithöfundur er fimmtug í dag.
Hlynur Halldórsson, tréskurðarmeistari í Miðhúsum, er 55 ára.

Dorrit Moussaieff, húsmóðir á Bessastöðum, er 55 ára.

JARÐARFARIR

13.00 **Eiríkur Bjarnason** verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.
13.00 **Þórður Jónsson, Norðurbrún 1, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.**
13.30 Ólafur Kristjánsson (Óli frá Hraungerði), Bakkahlíð 39, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

ANDLÁT

Jóhann Ásmundsson safnstjóri, Hnjóti, Örlygshöfn, lést 31. desember.

Elinborg Sigurðardóttir frá Ísafirði, Unnarbraut 4, Seltjarnarnesi, lést föstudaginn 7. janúar.
Jóhann Magnússon bifreiðaskoðunarmaður, Móholti 12, Ísafirði, lést föstudaginn 7. janúar.
Soffía Guðlaug Ásgrímsdóttir Kuczek, Southampton, New Jersey, lést föstudaginn 7. janúar.
Auðun Auðunsson skipstjóri, Valhúsabraut 31, Seltjarnarnesi, andaðist laugardaginn 8. janúar.
Vilhjálmur Óskarsson frá Reiðholti, Lýtingsstaðahreppi, andaðist laugardaginn 8. janúar.
Ólöf Björnsdóttir Garðvangi, Garði, áður Hringbraut 76, Keflavík, lést laugardaginn 8. janúar.
Inga Jónasína Pálmadóttir, Vestursíðu 2a, Akureyri, lést laugardaginn 8. janúar.

©REUTERS/QUAKE INDONESIA/KIM KYUNG-HOON

Landssöfnun vegna hamfaranna í Asíu

Landsmönnum gefst kostur á að hringja í söfnunarsíma alla þessa viku og sjálfboðaliðar taka jafnframt við framlögum **í Smáralind**, **í Kringlunni** og **á Glerártorgi**. Söfnunin nær hámarki með beinni sjónvarpsútsendingu **Sjónvarpsins**, **Stöðvar 2** og **Skjás eins** sem hefst á laugardagskvöldið kl. 19.40. Verndari söfnunarinnar er **Vigdís Finnbogadóttir**, fyrrverandi forseti Íslands. Nánari upplýsingar um söfnunina er að finna á **visir.is** og á **mbl.is**.

Hringdu í söfnunarsímann og láttu 1.000, 3.000 eða 5.000 kr. af hendi rakna. Upphæðin bætist við símreikninginn þinn. Þú velur þér upphæð og hringir í viðeigandi númer:

901-1000
1.000 kr.

901-3000
3.000 kr.

901-5000
5.000 kr.

Neyðarhjálp úr norðri
Landssöfnun vegna hamfaranna í Asíu

Samtökin sem að þessari söfnun koma eru hver um sig aðilar að alþjóða hjálparneti sinna samtaka. Hjá þeim starfar fólk með mikla reynslu og faglega þekkingu á þeim vandamálum sem taka þarf á við svona hörmulegar aðstæður. Samtökin einbeita sér öll að því að hjálpa þeim sem verst eru settir. Þá skipta trúarbrögð ekki máli, stjórnmál, kyn eða hvað annað sem aðgreinir fólk. Þetta eru mannúðarsamtök með skýr markmið, siða- og starfsreglur, sem skila árangri.

Barnaheill – Save the Children Iceland · Hjálparstarf kirkjunnar · Rauði kross Íslands · SOS-barnaþorpin · unicef

ENNEM / SÍA / NM14790

sport

sport@frettabladid.is

Við lýsum eftir …

… þeim íslensku stórfyrirtækjum sem græða á tá og fingri þessa dagana. Þau mættu vera mikið duglegri í að styðja íslenskt íþróttafólk á borð við Ólöfu Maríu Jónsdóttur, Birgi Leif Hafþórsson og Þóreyju Eddu Elísdóttur. Þau eru öll á meðal þeirra bestu í heiminum í sinni grein en samt þurfa þau að ganga betlandi á milli fyrirtækja til þess að sækja styrki svo þau geti æft íþrótt sína sómasamlega. Þetta frábæra afreksfólk á betra skilið.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

9 10 11 **12** 13 14 15

miðvikudagur

LEIKIR

☐ 19.15 **Njarðvík** og **Grindavík** eigast við í 1. deild kvenna í körfuknattleik.

SJÓNVARP

☐ 17.45 **Olíssport** á Sýn. Fjallað um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.

☐ 19.00 **Heimsbikarinn á skíðum** á Sýn. Nýjustu fréttir af framgöngu skíðamanna á heimsbikarmótum.

☐ 19.25 **The World Football Show** á Sýn. Fótbolti um víða veröld.

☐ 19.50 **Enski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá fyrri leik Chelsea og Manchester United í undanúrslitum deildabikarsins.

☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn. Fjallað um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.

☐ 22.20 **Handboltakvöld** á RÚV.

☐ 23.15 **Enski boltinn** á Sýn. Sýnt frá fyrri viðureign Chelsea og Manchester í undanúrslitum deildabikarsins.

Vill meiri stuðning

Þórey Edda Elísdóttir stangarstökkvari er ein þeirra Íslendinga sem stunda íþrótt sína erlendis við góðan orðstír. Styrkir til hennar eru þó ekki meiri en svo að þeir duga rétt fyrir íbúð, nauðsynjum og æfingabúðum.

FRJÁLSAR „Í gegnum tíðina hefur það reynst mér þrautin þyngri að verða mér úti um styrktaraðila og oftast hef ég komið að lokuðum dyrum hjá íslenskum fyrirtækjum," segir Þórey Edda Elísdóttir stangarstökkvari, en hún þarf líkt og flest annað íslenskt afreksfólk að leita dyrum og dyngjum að styrkjum og fjárframlögum til að halda áfram metnaðarfullu starfi sínu.

Nýliðið ár var eitt hið besta til þessa hjá Þóreyju Eddu en hún setti meðal annars Norðurlandamet í stangarstökki og er efst Íslendinga á afrekaskrá Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins. Auk þess varð hún Íslandsmeistari með liði FH í frjálsum íþróttum og náði fimmta sæti í stangarstökkskeppninni á Ólympíuleikunum í Aþenu. Þrátt fyrir þennan góða árangur hrökkva styrkir til hennar vart til og segir Þórey að flest ár séu barátta við að halda sig við núllið.

„Ég hef fengið styrk frá Íþróttasambandi Íslands og var á samningi við VISA síðastliðið ár og þeir styrkir dugðu mér til að lifa og sinna mínum æfingum með góðu móti. Nú er samningurinn við Visa runninn út en þetta ár fæ ég styrk í staðinn frá Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar og saman eru þessir styrkir algjör grundvöllur fyrir því að ég geti stundað mína íþrótt."

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

AFREKSKONA Þórey Edda Elísdóttir er einn fremsti íþróttamaður okkar Íslendinga í dag. Þrátt fyrir það reynist henni erfitt að fá styrki svo hún geti iðkað íþrótt sína af fullum krafti.

Alltaf er þó hægt að gera betur og segir Þórey að erfitt geti verið að horfa upp á kollega sína frá Þýskalandi eða öðrum Norðurlöndum enda sé mikill munur á þeim fjármunum sem það fólk hefur aðgang að og þeim sem Þórey getur notað.

„Þó er ekki hægt að vanmeta þá styrki sem eru af öðrum toga en beinharðir peningar en það virðist frekar að fyrirtæki séu reiðubúin að styrkja afreksfólk með þeim hætti en með beinhörðum peningum og það met ég mikils."

Hér heima er reglulega reynt að sækja styrki fyrir hennar hönd með litlum árangri en Þórey sjálf vill gjarnan sjá viðhorfsbreytingu hjá forráðamönnum íslenskra fyrirtækja.

„Ég vil gjarnan sjá fyrirtæki heima taka alfarið að sér stuðning við einn efnilegan einstakling eins og erlend fyrirtæki gera víða. Þannig tryggir íþróttamaðurinn sér stuðning og fyrirtækið fær það til baka þegar og ef viðkomandi kemst langt í sinni íþrótt því almennt er íþróttafólk áberandi í fjölmiðlum, yfirleitt góðar fyrirmyndir og auglýsingagildið er ótvírætt," sagði Þórey Edda Elísdóttir stangarstökkvari.

albert@frettabladid.is

ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Geremi, miðvörður Chelsea í ensku úrvalsdeildinni, vill segja skilið við félagið til og skipta yfir í Middesbrough. Eftir að knattspyrnustjórinn **Jose Mourinho** tók við liðinu hefur **Geremi** misst sæti sitt í byrjunarliðinu og er orðinn langþreyttur á því að eiga ekki fast sæti þar. „Það er ástæðan fyrir því að ég er ekki ánægður hjá Chelsea. Ég fæ ekki að spila," sagði **Geremi**. „Ég á góðar minningar frá Middlesbrough og væri mest til í að fara þangað."

Landi **Geremi**, Kamerúninn **Lauren** hjá Arsenal, finnst hann eiga rétt á tveggja ára samningstilboði frá liði sínu. Samningur **Lauren** rennur út í lok tímabilsins en forráðamenn Arsenal hafa ákveðið að bjóða kappanum eins árs samning. „Ég er búinn að vera hjá Arsenal og finnst ég hafa staðið mig það vel að ég eigi skilið að fá stærri samning en það," sagði **Lauren** sem hefur m.a. verið orðaður við Real Madrird.

Guðlaugur Eyjólfsson, leikmaður Grindavíkur í Intersportdeildinni í körfuknattleik, er hættur að leika með liðinu. Grindavík ákvað nýlega að bæta við sig öðrum bandarískum leikmanni, eftir að **Darrel Lewis** öðlaðist íslenskan ríkisborgararétt, og kom ákvörðun **Guðlaugs** í kjölfarið. „Ég hef áhyggjur af framtíðinni hjá liðinu í Grindavík og fannst ódýr lausn að bæta þriðja erlenda leikmanninum við," sagði **Guðlaugur** í samtali við Fréttablaðið. „Að auki fannst mér þetta ósanngjarnt gagnvart ungu strákunum sem ættu frekar að fá að spreyta sig." **Guðlaugur** ætlar ekki að leika með öðru liði það sem eftir lifir vetrar og verður því í frí frá körfuknattleik fram að næsta tímabili.

Johnny Davis, sem þjálfaði Orlando Magic í NBA-körfuboltanum um nokkurra ára skeið, er ekki sáttur við ummæli **Tracy McGrady** sem féllu á dögunum. **McGrady** fullyrti að hann hefði slakað á á síðasta tímabili sínu með Magic áður en honum var skipt til Houston Rockets. Magic vann aðeins 21 leik af 82 á tímabilinu. „Að einhver segi svona veldur mér miklum vonbrigðum. Að segja að þú hafir átt dapran dag er eitt, en að segja blákalt að þú leggir þig ekki fram er óafsakanlegt. Það sem **Tracy** er að segja með þessu er: Mér er alveg sama," sagði **Davis**.

Konan sem ákærði **Kobe Bryant** hjá Los Angeles Lakers í NBA-körfuboltanum fyrir nauðgun mun ekki höfða einkamál á hendur **Bryant** í Kaliforníu. Samkvæmt lögfræðingi konunnar mun málið alfarið fara fram í Denver í Colorado en samkvæmt konunni átti nauðgunin sér stað í Eagle County í Colorado-ríki. Konan ætlaði upphaflega að höfða málið í Kaliforníu þar sem engin mörk eru fyrir skaðabótum en í Colorado getur hún „aðeins" farið fram á 366 þúsund dollara eða um 23 milljónir íslenskra króna. Fastlega er búist við því að málið muni verða í fréttum marga mánuði í viðbót.

Sundnámskeið og æfingar hjá sunddeild KR.

Sundnámskeið fyrir 4 - 7 ára börn:
Æfingar hefjast 17. janúar í Austurbæjarskóla.
Grunnþjálfun fyrir 7 – 11 ára börn :
Æfingar hefjast 19. janúar í Vesturbæjarlaug.
Upplýsingar í síma 661-3365 / johannes@swim.is

www.sund.kr.is

Manchester Utd. - Birmingham

í beinu leiguflugi
4.-6. febrúar

49.900 kr. á mann í tvíbýli

Flugtímar

4. febrúar	Keflavík Manchester	9:30	12:00
6. febrúar	Manchester Keflavík	18:30	21:00

Man.Utd klúbburinn á Íslandi og Úrval Útsýn í Hlíðarsmára standa fyrir ferð í beinu leiguflugi á leik Man.Utd og Birmingham dagana 4.-6. febrúar nk. Gist verður í miðborg Manchester á Premier Travel Inn, Gmex hótelinu.

Nánari upplýsingar og skráning hjá Úrval Útsýn í Hlíðarsmára í síma 585-4100 eða á tölvupósti smarinn@uu.is
www.uu.is

ÚRVAL-ÚTSÝN í smáranum

Enski deildarbikarinn:

Heiðar skæður

FÓTBOLTI Liverpool og Watford mættust í undanúrslitum enska deildarbikarsins í gær. Íslensku landsliðsmennirnir Heiðar Helguson og Brynjar Björn Gunnarsson voru báðir í byrjunarliði Watford.

Strax á 18. mínútu komst Brynjar í gott færi, átti fastan skalla að marki Liverpool sem Jerzy Dudek, markvörður Liverpool varði.

Í byrjun seinni hálfleiks vildi Neil Mellor meina að Jermaine Darlington hafi fellt sig inn í teig en í endursýningu sást glöggt að Mellor sparkaði í jörðina og féll um sjálfan sig.

Steven Gerrard kom Liverpool yfir á 56. mínútu með skoti úr teig. Boltinn fór reyndar af Neil Cox, sem freistaði þess að skalla boltann út af en það vildi ekki betur til en að boltinn hafnaði í eigin neti og markið skráð á Gerrard.

Heiðar komst í tvö góð færi á síðustu 20 mínútum leiksins en varnarmenn Liverpool sáu við honum í bæði skiptin.

Liverpool náði að knýja fram sigur en Íslendingarnir tveir áttu mjög góðan leik í liði Watford.

LEIKIR GÆRDAGSINS

DHL-deild kvenna:

FH–ÍBV 29-37

Mörk FH: Gunnur Sveinsdóttir 10, Bjarný Þorvarðardóttir 5, Guðrún Hólmgeirsdóttir 5, Birna Helgadóttir 4, Sigrún Gilsdóttir 3, Anna Rut Pálmadóttir 1, Aníta Eyþórsdóttir 1.
Mörk ÍBV: Zsofia Pasztor 12, Guðbjörg Guðmannsdóttir 9, Darinka Stefanovic 6, Tatjana Zukovska 4, Eva Björk Hlöðversdóttir 4, Ester Óskarsdóttir 2.
* Vigdís Sigurðardóttir varði 17/1 skot í leiknum.

VALUR–VÍKINGUR 28-21

Mörk Vals: Arna Grímsdóttir 7, Lilja Valdimarsdóttir 5, Katrín Andrésdóttir 4, Ágústa Björnsdóttir 4, Díana Guðjónsdóttir 3, Hafrún Kristjánsdóttir 2 Soffía Rut Gísladóttir 2 Berglind Iris Hansdóttir 1.
Mörk Víkings: Natasa Damiljanovic 5, Ásta Björk Agnarsdóttir 4, Sigrún Brynjólfsdóttir 3, Guðmunda Kristjáns 3, Helga Birna Brynjólfsdóttir 2, Helga Guðmunds 2, Steinunn Þorsteinsdóttir 1, Bjarney Ólafsdóttir 1.

1. deild kvenna í körfubolta

KEFLAVÍK–HAUKAR 100–76

Stig Keflavíkur: Reshea Bristol 26 (10 frák., 13 stoðs., 7 stolnir), Birna Valgarðsdóttir 24, María Erlingsdóttir 19.
Stig Hauka: Helena Sverrisdóttir 32, Ebony Shaw 22, Kristrún Sigurjónsdóttir 10.

KR–ÍS 49–57

Stig KR: Jerica Watson 28 (14 frák., 6 stolnir, 5 varin.), Hanna Kjartansdóttir 6 (8 frák.), Gréta María Grétarsdóttir 5 (6 frák.), Halla Jóhannesdóttir 4, Helga Þorvaldsdóttir 4 (7 frák.), Stig ÍS: Signý Hermannsdóttir 20 (11 frák.), Alda Leif Jónsdóttir 17 (5 stoln., 5 varin), Þórunn Bjarnadóttir 10 (8 frák.)

Enski deildarbikarinn:

LIVERPOOL–WATFORD 1–0

Steven Gerrard (56.)

BT ÚTSALA

Yfir 1000 vörur á útsölu

TOSHIBA

Toshiba Satellite A50-111

- Intel® Pentium® M 725 1.6 GHz (Dothan)
- 512MB DDR minni (Mest 1024MB)
- 60GB S.M.A.R.T. drif
- 15" TFT XGA (1024 x 768)
- Intel® Extreme Graphics 2
- Super DVD Multi brennari
- VGA, TV-OUT, FireWire (DV ready)
- 3x USB 2.0, hljóð inn/út
- Intel® PRO/Wireless 2200 BG 54Mbps
- Windows XP Home
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð

4.038*

Létt, nett og þráðlaus!

36.000 kr. LÆKKUN

VSK 4.038* Tölvukaupalán 48 mán.

MasterCard VISA 11.999** Vaxtalaust 12 mán.

143.988 Staðgreitt

Digital Video Ready
Fire Wire gerir stafræna myndvinnslu að veruleika. Leikur einn er að færa inn myndskeið af stafrænni upptökuvél og klippa til, laga og breyta.

Dotan örgjörvi
er sá nýjasti af Centrino örgjörvunum frá Intel. Þessi nýji örgjörvi er búinn stærra flýtiminni og afkastar allt að 20% meira en eldri örgjörvarnir

12.000 kr. LÆKKUN

3.748*

MEDION V6

MEDION V6 P4 3GHz

- Intel Pentium 4 3.0GHz
- ATI RADEON 9800XXL 128MB DDR
- TVOUT, DSUB
- 160GB 7200 rpm
- 512MB DDR vinnsluminni
- DVD drif
- 4X DVD skrifari
- ConnectXL Media Bay with 8in1 Cardreader
- Þráðlaus mús og lyklaborð

VSK 3.748* Tölvukaupalán 48 mán.

MasterCard VISA 10.999** Vaxtalaust 12 mán.

131.988 Staðgreitt

19" skjár

Harður diskur

Stækkaðu plássið með vönduðum disk frá Western Digital. 3 ára ábyrgð.

ICD 330

- 19" Medion CRT skjár • Intel Celeron 2,6GHz
- i845 incl. VGA, LAN, 6-Ch-Audio, USB 2.0
- extreme graphics up to 64MB
- 80GB Harður diskur • DVD skrifari
- 256 MB DDR vinnsluminni • PowerDVD 5 (6CH)
- AC 97 (6-Channel-Audio) hljóðkort
- 4xUSB 2.0 • Lyklaborð og mús
- Windows XP Home Edition

2.100*

VSK 2.100* Tölvukaupalán 48 mán.

69.999 Staðgreitt

Stafræn myndavél

SONY

Sony Cybershot DSC-P73/S

Litaskjár
Vandaður 1.5" litaskjár þar sem allar stillingar birtast.

Tengimöguleikar
USB 2.0 tölvutengi og Video tengi fyrir sjónvarp.

Memorystick PRO
Tryggir þér hraðari gagnaflutning.

Hleðslurafhlöður
Öflug hleðslurafhlöður tryggja þér allt að 450 myndir í hverri hleðslu.

PictBridge
Þráðlaus tenging við prentara.

Multi Burst
Fjölmyndataka taktu allt að fjórar myndir í einu skoti.

Aðdráttur
Með 3x optical aðdrætti nærð þú smáatriðunum sem skipta máli í fullum gæðum.

Hreyfimyndataka
Taktu upp vandaðar hreyfimyndir með hljóði í MPEG Movie VX.

Myndflaga
4.1 Megapixlar. Myndflagan frá Sony tryggir þér meiri myndgæði.

999 5.999

*2.499
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
29.988 STAÐGREITT

DPP-FP30

SONY

Sony Ljósmyndaprentari FP30

40% afsláttur

PictBridge
samhæfing við myndavélar. Þú getur prentað út án tölvu

Hraður
Framkallaðu ljósmyndina á aðeins 90 sekúndum.

DuraBrite prentun
Með þessari tækni endast ljósmyndirnar betur en í hefðbundnum prenturum.

Pappír og blek fylgir fyrir 40 myndir

14.999 24.999

Þú geymir í gám við geymum gáminn

Geymsla í skemmri eða lengri tíma!

Gámarnir eru staðsettir á lokuðu svæði Hafnarbakka.

HAFNARBAKKI

Suðurhöfninni Hafnarfirði
Sími: 565-2733 • www.hafnarbakki.is

KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5600
www.simnet.is/strond

STRÖND ehf.

SKÍÐAAFSLÁTTUR
20-50%
Aðeins í nokkra daga

Síðustu dagar útsölunnar

Nýja SKÍÐABÚÐIN
SKÍÐAVERSLUN

Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: skatabudin@skatabudin.com • www.skatabudin.com

Golf í Túnis 2005

Eigum enn laust í ferðina 4. febrúar. Búið er við kjöraðstæður á fyrsta flokks hótelum, golfið leikið á góðum og fallegum völlum.
Kannski fáum við að sjá íslensku strákana „brillera" í lokaumferðum HM í handbolta 5. og 6. febrúar.

Brottför 4. febrúar: Verð kr. 142.300 á mann í tvíbýli.

Brottför 18. mars: UPPSELT Verð kr. 151.800 á mann í tvíbýli.

Innifalið í verði er flug, flugvallarskattar, fararstjórn, akstur, gisting á fyrsta flokks hótelum í 10 nætur með morgunverði og kvöldverði, 8 vallargjöld á góðum golfvöllum, ein skoðunarferð.

Fararstjóri er Sigurður Pétursson, golfkennari

Bókanir og nánari upplýsingar hjá Ferðaskrifstofu Vesturlands í síma 437 2323 eða með netpósti til fv@fv.is.

FERÐASKRIFSTOFA VESTURLANDS

Sími 437 2323, fax 437 2321. Netfang fv@fv.is

STUÐ MILLI STRÍÐA : Önugir Frakkar og kurteisir Bretar?

BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR VELTIR VÖNGUM YFIR ALHÆFINGUM UM LÖND OG ÞJÓÐIR.

MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég lenti á spjalli við útlending um daginn og spjölluðum við lengi. Hann ræddi mikið um álit sitt á landi og þjóð og eftir þó nokkuð stutta dvöl hérna var hann strax búinn að draga ályktanir um skapgerð Íslendinga og fleira. Hann var ekki alveg viss með fallegu konurnar.

„Well there are a lot of beautiful women you see, but in between there are also ugly ones and even fat ones!"

Það er ótrúlegt hvað fólk er fljótt að alhæfa um aðrar þjóðir. Ég sjálf er ekkert skárri. Í sumar ferðuðumst við tveir vinkonuaular um Evrópu á Interraili og létum aldeilis til okkar taka í alhæfingunum. Hrikalega þótti okkur ljótir strákar í Skotlandi og sætir í London! Djöfull er Rotterdam ömurleg borg með endalausum dópistum. Vá hvað Lúxemborg er yndisleg og íbúar hennar sömuleiðis. Rosalega eru Frakkar önugir en mikil endemi hvað Bretar eru indælir og kurteisir!

Þegar ég hugsa betur um þetta þá er ég ekki viss. Fyrst var ég yfir mig hrifin af Bretum. Þangað til ég fór í súpermarkað og afgreiðslukonan heilsaði mér: „Hi how are you?" Vá! En yndislega hugulsamt að spyrja mig um líðan mína! Ég svaraði að bragði: „Fine thank you! How are you?!" Hún svaraði ekki heldur leit pirruð á mig, skannaði inn vörurnar og tjáði mér upphæðina. Ég ákvað að fylgjast með næsta manni. „Hi, how are you?" sagði hún. – Maðurinn sagði: „Hi, how are you?" Hvorugt svaraði spurningunni því að hugulsemin á bak við hana var engin. Þeim var báðum drullusama.

Það tekur náttúrlega tíma að kynnast fólki og hvað þá heilli þjóð. Ætli það sé því ekki óþarfi að vera með svona alhæfingar? Asnalegt samt þegar útlendingar sjá ekki að við eigum augljóslega fallegustu konurnar....og sterkustu kallana....og hreinasta vatnið.... ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

PÚ OG PA

Eftir SÖB

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



Skylduspilun á framhaldi

[TÖLVULEIKIR]

UMFJÖLLUN

Árið 1998 kom út fyrstu persónu skotleikur sem hristi ærlega upp í leikjaheiminum. Leikurinn heitir Half-Life og fór sigurför um heiminn og hirti flest öll verðlaunin það árið. Framhald leiksins er nú komið og ekki seinna vænna.

Söguhetjan Gordon Freeman mætir aftur í baráttuna og er sögusviðið City 17 í nánustu framtíð. Mannfólkið býr í ánauð og stóri bróðir fylgist með öllu og öllum. Gordon nær sambandi við gamla starfsfélaga úr Black Mesa-tilraunarstöðinni sem eru nú í andspyrnuhreyfingu gegn stóra bróðir (Combine) og fyrrum yfirmanni Black Mesa, Dr. Wallace Breen.

Til þess að spila leikinn þarf öflugan vélbúnað því annars næst ekki rétti fílingurinn úr leiknum. Með nýja tölvu skellti ég HL2 í gang og lifði mig inn í hlutverkið.

HL2-heimurinn er gífurlega lifandi og vel hannaður. City 17 er með austur-evrópskum byggingarstíl þó svo íbúarnir eru satt að segja af amerísku bergi brotnir.

Gordon er leiddur áfram í gegnum borgina með atburðarás sem er í senn spennandi og örvæntingafull. Þegar komið er út fyrir borgarmörkin breytist takturinn í leiknum og þarf Gordon að komast heill á húfi frá öllum þeim hættum sem þar búa en með aðstoð meðlima andspyrnuhreyfingarinnar eru allir vegir færir. Þeir ganga í lið með Gordon sem getur gefið þeim nokkrar einfaldar skipanir. Þeir gefa líka skotfæri og sjúkrakassa þegar þörf er á.

VÉLBÚNAÐUR: PC
FRAMLEIÐANDI: VALVE
ÚTGEFANDI: VALVE

NIÐURSTAÐA: Valve hafa toppað sjálfa sig og skilað afburðarleik með Half Life 2. Skotleikur ársins á PC. Skylduspilun fyrir alla fyrstu persónu skotleikjaspilara.

Í þetta sinn fær Gordon að nýta sjó- og landfarartæki til að komast á milli staða enda eru þær margar hindranirnar sem Gordon þarf að yfirstíga og eru farartækin nauðsynlegur partur til að sýna stærð HL2-umhverfisins.

Allmargar lykilstaðsetningar eru í leiknum og er hasarinn mismunandi eftir staðsetningu. Það bragðbætir leikinn mikið og gefur spilaranum líka innsýn í öflin á bak við valdatjöldin.

Gordon þarf góðan vopnabúnað og er af nógu af taka. Helst má nefna þyngdarleysisbyssuna sem getur sogað til sín lausa hluti og notað þá sem skotfæri. Alveg magnað tæki sem er eitt það frumlegasta sem ég hef komist í.

Öll myndræn og sjónræn vinnsla leiksins er framúrskarandi og leikjavélin er til fyrirmyndar. Satt að segja er lítið hægt að setja út á leikinn nema að framleiðendur hefðu mátt setja meira kjöt á söguna og tengsl hins dularfulla G-man við Gordon. Einnig hefði leikurinn mátt vera lengri en það er bara óskhyggja. Allavega vona ég að framhaldið taki ekki önnur fimm ár í framleiðslu til að fá svar við öllum þeim spurningum sem vöknuðu við spilun leiksins.

franzgunnarsson@hotmail.com

GRUNNNÁM Í PHOTOSHOP

>÷ bfd^ pq^co Í k^ j vka^sái ld hrkk^ bhhf ē Me lqlpe lm bo bfkp ld ^÷ bfd^ _âi ld hrkk^ bhhf ^÷ hbvo^

ë âbppr kć j phbfßf bo iĘdß ćebopi^ ć âć eirqf pb j j bpq bor klq^ßfo ^c âbf j pb j bfd^ pq^co Í k^ sči bß^ ph^kk^+ úqoĜibd^ ćerd^sboq ld phb j j qfibdq 0- pqrka^ kć j phbfß đ âbppr coć_ Í o^ cloofqf+

- HsØiakē j phbf÷
  J ēkra+ ld j f÷sfhra^d^ coē .5*//+
  ?vog^o 0.+ g^k ld iéhro .2+ cb_+
- J lodrkkē j phbf÷
  J ēk+ j f÷+ ld cØp coē 570-*./70-+
  ?vog^o .1+ cb_+ ld iéhro /0+ cb_+

ntv.is

RMMI ćPFKD>O LD PHOöKFKD è Pė J > 211 12-- LD ö KQS+FP

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

LIEBHERR TILBOÐ

Liebherr kæliskápar á ótrúlegu verði

Liebherr kæli- og frystiskáparnir mæta ströngustu kröfum sem gerðar eru og eru allir í orkuflokki A. Þeir eru hljóðlátir, rúmgóðir og innréttingin er einstaklega vel hönnuð. Allir sem láta sig ferskt hráefni og góðan mat einhverju varða geta treyst á **Liebherr** kæliskápa.

35% afsláttur

LIEBHERR Ferskleiki fyrst og fremst

	Hæð cm	Breidd cm	Kælir ltr.	Frystir ltr.	Litur	Verðlista-verð	Tilboðs-verð
CU 3011	178,9	55,2	199	85	hv.	79.100,-	**51.415,-**
CU 2711	159,5	55,2	199	53	hv.	73.200,-	**47.580,-**
CU 3553	180,6	60,0	225	93	hv.	116.200,-	**75.530,-**
CU 3153	161,2	60,0	225	58	hv.	109.800,-	**71.370,-**
CU 2653	143,1	60,0	179	58	hv.	103.000,-	**66.950,-**

Tilboðsverð miðast við staðgreiðslu og gildir á meðan birgðir endast.
Heimsending ekki innifalin.

Lítið við í Eirvík og kynnið ykkur Liebherr kæli- og frystiskápa.

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

vilborga@centrum.is

Veldu létt

... og mundu eftir ostinum!

HVÍTA HEIÐIN / SÍA

Kl. 12.15
Regnhlífarnar í New York. Nýr þáttur um bókmenntir í Sjónvarpinu í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar.

menning

menning@frettabladid.is

Tvö ólík og afar spennandi verk

„Volkov færði sig yfir í aðra vídd og tók hljómsveitina með sér. Hann mótaði einhvern magnaðasta tónlistarviðburð sem ég hef upplifað.“ (THE HERALD Í GLASGOW). Betri umsögn getur stjórnandi vart óskað sér. Volkov heimsækir Íslendinga í annað sinn, nú með tvö spennandi en ólík verk í farteskinu.

Rauð tónleikaröð #3 | HÁSKÓLABÍÓI, FIMMTUDAGINN **13. JANÚAR** KL. 19.30

Hljómsveitarstjóri ::: Ilan Volkov
Upplestur ::: Pétur Gunnarsson

György Ligeti ::: San Francisco Polyphony
Joseph Haydn ::: Sjö síðustu orð Krists

Pétur Gunnarsson rithöfundur les valda kafla úr Passíusálmum Hallgríms Péturssonar á milli þátta

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Háskólabíó við Hagatorg | Sími 545 2500 | sinfonia@sinfonia.is | www.sinfonia.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

BÖNDIN Á MILLI OKKAR STERKUR LEIKUR Á LITLA SVIÐINU!

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

ÖXIN OG JÖRÐIN - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
5. sýn. fim. 13/1 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fös. 21/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 28/1 **örfá sæti laus**, 8. sýn. lau. 5/2 **nokkur sæti laus**, 9. sýn. lau. 12/2.

ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA - *Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur*
Fös. 14/1 **örfá sæti laus**, fim. 20/1 **nokkur sæti laus**, lau. 29/1 **nokkur sæti laus**. **Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.**

EDITH PIAF - *Sigurður Pálsson*
Lau. 15/1 **uppselt**, sun. 16/1 **örfá sæti laus**, lau. 22/1 **uppselt**, sun. 23/1 **örfá sæti laus**, fös. 4/2 **örfá sæti laus**.

DÝRIN Í HÁLSASKÓGI - *Thorbjörn Egner*
Sun. 16/1 kl.14:00 **örfá sæti laus**, sun. 23/1 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 30/1 kl. 14:00. **Fáar sýningar eftir.**

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

NÍTJÁNHUNDRUÐ - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*
Lau. 15/1 **nokkur sæti laus**, lau. 22/1.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

BÖNDIN Á MILLI OKKAR - *Kristján Þórður Hrafnsson*
Fös. 14/1 **nokkur sæti laus**, fim. 20/1 **örfá sæti laus**, fim. 27/1, lau. 29/1.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **13:00-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **13:00-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

HÍBÝLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar
Lau 15/1 kl 20 - rauð kort - **UPPSELT**
Su 16/1 kl 20 - græn kort - **UPPSELT**
Fö 21/1 kl 20 - blá kort - **UPPSELT**
Lau 22/1 kl 20 - **UPPSELT**
Lau 27/1 kl 20 - **Aukasýning**
Lau 29/1 kl 20 - **UPPSELT**, Su 30/1 kl 20
Fi 3/2 kl 20 - **UPPSELT**
Lau 5/2 kl. 20, Sun 6/2 kl 20
Fö 11/2 kl 20, Lau 12/2 kl 20

HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Fö 14/1 kl 20, Su 23/1 kl 20, Fö 28/1 kl 20

LÍNA LANGSOKKUR
e. Astrid Lindgren
Su 16/1 kl 14, Su 23/1 kl 14, Su 30/1 kl 14, Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14 ***Síðustu sýningar***

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
Fjölskyldusýning
THE MATCH, ÆFING Í PARADÍS, BOLTI
Lau, 15/1 kl 14, Lau 22/1 kl 14

LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI -
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið - kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

BELGÍSKA KONGÓ
e. Braga Ólafsson
Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Fö 14/1 kl 20, Su 16/1 kl 20
Fi 20/1 kl 10, Su 23/1 kl 20
Su 30/1 ***Sýningum lýkur í febrúar***

AUSA eftir Lee Hall og STÓLARNIR eftir Ionesco
Í samstarfi við LA
Fi 13/1 kl 20, Lau 15/1 kl 20
Síðustu sýningar

SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA
Fö 14/1 kl 20, Fi 20/1 kl 20, Fö 28/1 kl 20

SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
eftir Agnar Jón Egilsson
Í samstarfi við TÓBÍAS
Frumsýning Su 16/1 kl 20 - **UPPSELT**
Lau 22/1 kl 20, Fi 27/1 kl 20, Su 30/1 kl 20
ATH: Bönnuð yngri en 12 ára

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga
Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna

Nýtt langömmubarn

Leikrit Braga Ólafssonar, Belgíska Kongó, sem frumsýnt var síðastliðið vor í Borgarleikhúsinu, hefur notið mikilla vinsælda meðal áhorfenda. Til stóð að hafa örfáar sýningar á verkinu í haust, en vegna mikilla vinsælda hefur verið bætt við sýningum og nú eru þær fyrirhugaðar til febrúarloka. Eggert Þorleifsson, sem á einstakan hátt túlkar hina fjörgömlu Rósalind í sýningunni og hlaut Grímuverðlaunin fyrir, ætlaði í hálfs árs frí frá og með áramótum en hefur frestað fríinu vegna vinsælda verksins. Hins vegar hefur nú nýr leikari tekinn við hlutverki Hilmars, langömmubarns Rósalindar. Það er Davíð Guðbrandsson sem leysir Gunnar Hansson af hólmi. Davíð útskrifaðist úr Leiklistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2003 og er þetta hans fyrsta hlutverk í Borgarleikhúsinu.

DAVÍÐ GUÐBRANDSSON

EKKI MISSA AF...

Ný íslensk myndlist; um veruleikann, manninn og ímyndina, sýningu á verkum 20 íslenskra listamanna í Listasafni Íslands. Sýningunni lýkur á sunnudaginn...

Sýningu Sigrúnar Guðmundsdóttur, listamanns mánaðarins í Hafnarborg. Sýning er liður í kynningu á félögum Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík...

Helenu af Tróju, kl. 22.00 á Skjá 1. Magnaðir þættir um eina stórkostlegustu kvenhetju allra tíma.



JÓNAS INGIMUNDARSON Það sækja allir söngvarar í að syngja lög eftir Sigvalda Kaldalóns.

Lög sem hitta í hjartastað

Tónleikar í tilefni af útgáfu tveggja geisladiska með tónlist Sigvalda Kaldalóns verða fluttir í Salnum á morgun.

Svanasöngur á heiði er yfirskrift tónleika sem haldnir verða í Salnum í Kópavogi á morgun, fimmtudag. Tónleikarnir eru haldnir í tilefni af útkomu hljómdisksins Svanasöngur á heiði sem hefur að geyma sönglög tónskáldsins Sigvalda Kaldalóns. Á disknum er að finna margar af þekktustu perlum tónskáldsins sem og lög sem sjaldan eða aldrei hafa verið flutt áður. Jónas Ingimundarson pínóleikari hafði umsjón með útgáfunni, vali á flytjendum og lögum og þegar hann er spurður hvað geri Kaldalóns svo merkilegan sönglagasmið, segir hann:

„Sigvaldi Kaldalóns var sjálfur söngvari af Guðs náð. Hann samdi mikinn fjölda af lögum sem hittu fólk í hjartastað. Ótrúlega mörg af hans lögum eru í kransæðum þjóðarinnar – en þó ekki nærri öll. Fyrir nokkrum árum gaf fjölskylda hans út allt safnið á nótum, þannig að æviverk hans hefur verið gert mjög aðgengilegt.

Í kjölfarið kom upp sú hugmynd að taka allt safnið hans upp og gefa út á geisludiskum. Fyrir jólin kom út fyrsti hlutinn í því safni. Tónleikarnir á fimmtudaginn eru í tilefni af útgáfu diskanna og vel til fundið að halda tónleikana 13. janúar vegna þess að þann dag fæddist Sigvaldi Kaldalóns, árið 1881. Á tónleikunum koma fram þeir sex söngvarar sem syngja á tveimur fyrstu diskunum. Það eru þau Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran, Sesselja Kristjánsdóttir mezzósópran, Sigríður Aðalsteinsdóttir mezzósópran, Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór, Snorri Wium tenór og Ólafur Kjartan Sigurðarson bariton.“

Jónas segir diskana tvo hafa að geyma um það bil helminginn af einsöngslögum Sigvalda. „Þetta er þverskurður,“ segir hann. „Þarna er að finna lög sem allir elska og dá en þarna er líka að finna lög sem heyrast sjaldnar.

Það sem einkennir tónlist Sigvalda Kaldalóns segir Jónas vera þessa sterku tilfinningu fyrir sönglínunni. „Línan spinnur sig áfram eins og ekkert sé sjálfsagðara. Hái tónninn er alltaf á hárréttum stað. Þetta er tónlist sem þú syngur í baði heima hjá þér þegar þér líður vel. Hún er svo klæðileg fyrir röddina. Hluti af vinsældum laga Sigvalda er sá að þau fara svo vel í röddina. Og það sækja allir söngvarar í að syngja lög Sigvalda Kaldalóns.

Nú var hann læknir í Grindavík og við Ísafjarðardjúp, menntaður í Danmörku. En það eru einhver merkileg tengsl við Ítalíu í þessum línum. Ég er ekki að segja að það sé O sole mio – en það hreyfist einhver strengur í manni svipaður þeim sem hreyfist við að hlusta á ítalska sólskinstónlist. Það er einhver innri gleði, innri glóð í lögum hans. Síðan eru lög eins og Á Sprengisandi – svo samofið okkur að við höldum jafnvel að það sé þjóðlag. Eða Hamraborgin – sem er tónlætt ljóð. Ef þú ferð yfir ljóðið kemstu að því að tónklæðið – það er að segja, hvernig ljóðinu er komið fyrir í tónlistinni – verður ekkert betur gert. Það er dansað, setið á hestbaki og norðurljósin sindra í laglínunum.“

Jónas viðurkennir að víst megi finna ítalskan streng í okkur Íslendingum. „Að minnsta kosti höfum við þessa söngelsku. Við eigum það sameiginlegt með Walesbúum, Ítölum og Lettum. Þetta liggur dálítið í æðum.

Það er mikil gleði fyrir mig að fá tækifæri til þess að skoða þessi lög í þessu ljósi og vinna þau með þeim söngvurum sem taka þátt í flutningnum – og ég vil bæta því við að mér finnst þáttur Gerðubergs í útgáfunni unninn af stakri alúð með fallegri uppsetningu og vönduðum greinum um tónskáldið. ■

TOSCA

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Frumsýning 11. feb. kl.20.00 – UPPSELT – 2. sýning 13.feb. kl. 19.00
3. sýning 18.feb. kl 20.00 – 4. sýning 20. feb. kl. 19.00 – **FÁAR SÝNINGAR**

Námskeið um Toscu og Puccini hjá Endurmenntun Háskóla Íslands
Skráning í síma: 525 4444 – endurmenntun@hi.is
